BANKASÝSLA RÍKISINS

Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins 2014

Skýrsla um starfsemi Bankasýslu ríkisins 2014

Maí 2014

Efnisyfirlit

SKILGREININGAR 5

STARFSEMI BANKASÝSLU RÍKISINS 6

- **Inngangur** 6
- **Lögbundið hlutverk og verkefni** 6
- **Framkvæmd eigendastefnu ríkisins** 14
- **Stjórn og starfsmenn** 21
- **Valnefnd** 22
- **Listi yfir stjórnarmenn Bankasýslunnar** 22

FJÁRHAGSLEGIR HAGSMUNIR RÍKISINS Í EIGNARHLUTUM Í FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJUM 30

- **Fjárframlög og hlutur í eigin fé** 30
- **Alþjóðlegur samanburður** 33

ÞRÓUN Á FJÁRMÁLAMÖRKUÐUM 36

- **Þróun á alþjóðlegum mörkuðum** 36
- **Þróun á innlendum mörkuðum** 41

REKSTUR VIÐSKIPTABANKANNA Á ÁRINU 2013 43

- **Rekstur viðskiptabankanna 2013** 43
- **Rekstrarreikningur viðskiptabankanna** 49
- **Efnahagsreikningur viðskiptabankanna** 57
- **Arion banki** 62
- **Íslandsbanki** 64
- **Landsbankinn** 67

REKSTUR SPARISJÓÐANNA Á ÁRINU 2013 **69**

- **INNGANGUR** **69**
- **SPARISJÓÐUR BOLUNGARVÍKUR SES** **70**
- **SPARISJÓÐUR NORÐFJARÐAR SES** **73**
- **SPARISJÓÐUR NORÐURLANDS SES** **76**
- **SPARISJÓÐUR VESTMANNAEYJA SES** **79**

Skilgreiningar

AFL	AFL - sparisjóður
Arion banki	Arion banki hf.
Bankasýslan	Bankasýsla ríkisins
FME	Fjármálaeftirlitið
Glitnir	Glitnir hf. (áður Glitnir banki hf.)
Íslandsbanki	Íslandsbanki hf.
Kaupþing	Kaupþing hf. (áður Kaupþing banki hf.)
Landsbankinn	Landsbankinn hf. (áður NBI hf.)
LBI	LBI hf. (áður Landsbanki Íslands hf.)
Lög um Bankasýsluna	Lög nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins
Lög um fjármálafyrirtæki	Lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Lög um hlutafélög	Lög nr. 2/1995 um hlutafélög
Lög um sölumeðferð eignarhluta	Lög nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármála-fyrirtækjum
m.	Milljónir
m.kr.	Milljónir króna
ma.kr.	Milljarðar króna
NLFI	NL Financial Investments
S&P	Standard & Poor‘s Rating Service
Seðlabankinn	Seðlabanki Íslands
ses	Sjálfseignarstofnun
SpBol/Sparisjóður Bolungarvíkur	Sparisjóður Bolungarvíkur ses.
SpNl/Sparisjóður Norðurlands	Sparisjóður Norðurlands ses.
SpNor/Sparisjóður Norðfjarðar	Sparisjóður Norðfjarðar ses.
SpSvar	Sparisjóður Svarfdæla
SpVest/Sparisjóður Vestmannaeyja	Sparisjóður Vestmannaeyja ses
SpÞór	Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis
TIF	Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta
UKFI	United Kingdom Financial Investments
VLF	Verg landsframleiðsla
þ.	Þúsund
þús.kr.	Þúsundir króna

Starfsemi Bankasýslu ríkisins

Inngangur

Bankasýsla ríkisins (Bankasýslan) gefur nú í fimmta sinn út ársskýrslu sína í samræmi við 8. gr. laga um Bankasýslu ríkisins, nr. 88 frá 18. ágúst 2009, en þar segir að „Bankasýsla ríkisins [skuli] gefa [fjármála- og efnahagsráðherra] ítarlega skýrslu um starfsemi sína fyrir 1. júní ár hvert“. Skv. 9. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin að hafa lokið störfum eigi síðar en fimm árum frá því að hún var sett á fót.

Frá útgáfu síðustu ársskýrslu stofnunarinnar í júní 2013 hefur þróun málefna fjármálafyrirtækja almennt verið jákvæð. Má þar t.a.m. nefna að allir viðskiptabankarnir í eigu ríkisins greiddu arð. Einnig öfluðu bankarnir sér lánshæfismats í fyrsta skipti. Þá er komin meiri hreyfing á sameiningu sparisjóða. Framundan eru hins vegar viðamiklar breytingar á regluverki fjármálafyrirtækja með innleiðingu Basel III reglnanna á Íslandi. Vonir standa einnig til að sala eignarhluta í fjármálafyrirtækjum geti hafist. Með þessari skýrslu birtir Bankasýslan í annað sinn ársskýrslu sína eingöngu með rafrænum hætti.

Lögbundið hlutverk og verkefni

Skv. 2. mgr. 1. gr. laga um Bankasýsluna „fer [stofnunin] með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við lög, góða stjórnsýslu- og viðskiptahætti og eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma, og leggur þeim til fé fyrir hönd ríkisins á grundvelli heimildar í fjárlögum“.

Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti ríkisins í þremur viðskiptabönkum og fjórum sparisjóðum, eftir samruna Sparisjóðs Svarfdæla (SpSvar) og Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis (SpÞór) í Sparisjóð Norðurlands ses (SpNl) 4. júlí 2013. Stofnunin fór upphaflega með 81,3% hlutafjár í Landsbankanum, en í kjölfar útgáfu skilyrts skuldabréfs þann 11. apríl 2013 samkvæmt svokölluðum FABIA samningi fer Bankasýslan nú með 97,9% hlutafjár í bankanum fyrir hönd ríkisins. Bankasýslan fer einnig með 13,0% hlutafjár í Arion banka hf. (Arion banka) og með 5,0% hlutafjár í Íslandsbanka hf. (Íslandsbanka). Stofnunin fer einnig með 76,8% stofnfjár í Sparisjóði Bolungarvíkur ses (SpBol), en fór með 90,9% fyrir stofnfjáraukningu, sem var samþykkt á aðalfundi sparisjóðsins 22. maí 2013, 80,9% stofnfjár í SpNl (en fór áður með 86,3% stofnfjár í SpSvar og 75,9% stofnfjár í SpÞór), 55,3% stofnfjár í Sparisjóði Vestmannaeyja ses (SpVest) og 49,5% stofnfjár í Sparisjóði Norðfjarðar ses (SpNor). Í árslok 2012 nam bókfært virði upphaflegra eignarhluta samtals 139,9 milljörðum króna, eða 12,6% af heildareignum A-hluta ríkissjóðs, eins og sjá má í töflu 1.

Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti tveggja opinberra aðila. Fer stofnunin með hlut Ríkissjóðs Íslands í viðskiptabönkum og sparisjóðum og hlut Eignarhluta ehf. í Landsbankanum, sem stofnunin fékk til umsýslu við útgáfu skilyrts skuldabréfs Landsbankans.

Tafla 1: Bókfært virði eiginfjárhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum í lok árs 2012 (m.kr.)[1]

Eignir ríkissjóðs	Eignarhlutur	Bókfært virði	Hlutfall af samtals eignum
Landsbankinn hf.	81,3%	122.000	10,96%
Arion banki hf.	13,0%	9.862	0,89%
Íslandsbanki hf.	5,0%	6.332	0,57%
Hlutabréf í viðskiptabönkum		138.194	12,41%
Sparisjóður Vestmannaeyja	55,3%	555	0,05%
Sparisjóður Bolungarvíkur	90,9%	543	0,05%
Sparisjóður Svarfdæla	90,0%[2]	382	0,03%
Sparisjóður Norðfjarðar	49,5%	150	0,01%
Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis	75,9%	105	0,01%
Stofnfjárbréf í sparisjóðum[3]		1.735	0,16%
Samtals eignarhlutir sem Bankasýslan fer með		139.929	12,57%
Aðrir eignarhlutir í eigu ríkissjóðs[4]		92.216	8,28%
Allar aðrar eignir ríkissjóðs		881.014	79,15%
Samtals eignir ríkissjóðs		**1.113.159**	**100,00%**

Töluverður munur er á bókfærðu virði eignarhluta í ríkisreikningi og hlut ríkisins í bókfærðu eigin fé undirliggjandi fyrirtækja, sérstaklega eftir að ríkissjóður jók hlut sinn í Landsbankanum úr 81,3% í 97,9% í apríl 2013 við útgáfu skilyrts skuldabréfs bankans til LBI, sem lét þannig af hendi eignarhlut sinn í bankanum. Eins og sjá má í töflu 2 var hlutur ríkisins í bókfærðu eigin fé fjármálafyrirtækja í töflu 1 264,5 ma.kr. í árslok 2013, þar af 262,8 ma.kr. í viðskiptabönkunum þremur. Bókfært virði í ríkisreikningi nam hins vegar 139,9 ma.kr. í árslok 2012.

[1] Heimild: Ríkisreikningur 2012. Eignarhluti í SpVest skv. vægi atkvæða

[2] Eignarhlutur eftir stofnfjáraukningu á árinu 2012 og við samruna sjóðsins við SpÞór nam 86,3%

[3] Í árslok 2012 var sparisjóðum ekki skylt að innihalda rekstrarform sitt í nafni sínu

[4] Sjá töflu 9 síðar í skýrslunni

Tafla 2: Eigið fé, stofnfé og hlutur ríkisjóðs í árslok 2013 (m.kr.)[5]

Fjármálafyrirtæki	Bókfært eigið fé eigenda	Bókfært stofnfé	Hlutur ríkisins (%)	Hlutur ríkisins (kr.)
Landsbankinn	241.359,0		97,9%	236.330,7
Arion banki	140.089,0		13,0%	18.211,6
Íslandsbanki	166.019,0		5,0%	8.301,0
Hlutabréf í viðskiptabönkum				262.843,2
SpVest	1.055,3	995,2	55,8%	555,0
SpBol	515,1	513,7	76,7%	394,0
SpNl	558,9	499,7	80,9%	404,2
SpNor	649,5	625,8	49,5%	309,8
Stofnfjárbréf í sparisjóðum				1.663,0
Samtals eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum				**264.506,2**

Bankasýslan hefur einnig lagt áherslu á hagkvæman rekstur stofnunarinnar, eins og sjá má á töflu 3. Á árinu 2013 numu útgjöld stofnunarinnar 74,1 m.kr., eða einungis 78,6% af framlagi úr ríkissjóði skv. fjárlögum ársins. Útgjöld ársins 2013 voru því 12,6% lægri en árið 2012, þegar þau numu 84,9 m.kr. Útgjöld ársins 2012 námu 93,8% af framlagi úr ríkissjóði skv. fjárlögum þess árs.

Tafla 3: Rekstur Bankasýslu ríkisins árin 2013 og 2012 (kr.)

	Árið 2013	Árið 2012	Breyting (kr.)	Breyting (%)
Framlag úr ríkissjóði	94.300.000	90.500.000	3.800.000	4,2%
Gjöld samtals	74.137.130	84.858.900	(10.721.770)	-12,6%
Mismunur	20.162.870	5.641.100	14.521.770	
Gjöld sem hlutfall af framlagi	78,6%	93,8%		

Skv. 2. mgr. 1. gr. laga um Bankasýsluna skal stofnunin í starfsemi sinni „leggja áherslu á endurreisn og uppbyggingu öflugs innlends fjármálamarkaðar og stuðla að virkri og eðlilegri samkeppni á þeim markaði, tryggja gagnsæi í allri ákvarðanatöku varðandi þátttöku ríkisins í fjármálastarfsemi og tryggja virka upplýsingamiðlun til almennings“.

Bankasýslan útfærði lögbundið hlutverk sitt með þrennum hætti í framtíðarstefnu sem birt var 16. mars 2012: (a) eigendahlutverk, (b) endursöluhlutverk og (c) endurreisnarhlutverk. Með endurreisnarhlutverki sínu hefur Bankasýslan sett sér það markmið að vera virkur aðili í miðlun þekkingar og umræðu um lausnir í íslenska bankakerfinu, jafnt gagnvart íslensku samfélagi sem alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Í anda þess fékk Bankasýslan Niels Kroner, höfund bókarinnar *A Blueprint for Better Banking: Svenska Handelsbanken and a proven model for more stable and*

[5] Heimild: Ársreikningar fjármálafyrirtækja 2013. Eignarhlutur ríkisins í sparisjóðum miðast við stofnfé, ef varasjóður er jákvæður, en annars við eigið fé

profitable banking, til að halda erindi um stöðugleika og hagkvæmni í bankarekstri á ársfundi stofnunarinnar, sem haldinn var þann 12. júní 2013. Í kjölfar þess fóru fram pallborðsumræður um sama efni. Ásamt Niels Kroner voru þátttakendur í pallborði Tryggvi Pálsson, stjórnarformaður Landsbankans hf., Gunnar Karl Guðmundsson, stjórnarformaður AFLs – sparisjóðs, Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins og Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka. Helga Jónsdóttir stýrði fundinum. Bankasýslan ríkisins leggur sig einnig sérstaklega fram við að gera umsagnir um lagafrumvörp sem snerta rekstur fjármálafyrirtækja og fjármálakerfisins.

Bankasýslan hefur jafnframt lagt mikla áherslu á að tryggja gagnsæi í allri ákvörðunartöku. Á heimasíðu stofnunarinnar eru t.d. birtar niðurstöður allra funda hluthafa og stofnfjáreigenda viðkomandi fjármálafyrirtækja. Gerir stofnunin jafnframt opinberlega grein fyrir því hvernig hún fer með atkvæði ríkissjóðs á þessum fundum við afgreiðslu tillagna. Áhersla Bankasýslunnar á gagnsæi um málefni fjármálafyrirtækja hefur einnig komið fram í því að stofnunin hefur beint þeim ábendingum til fjármálafyrirtækja, sem stofnunin fer með meiri hluta eignarhalds í, að þau birti eiginfjárkröfur FME til þeirra skv. annarri stoð Basel II reglnanna, þ.e. eiginfjárkröfur umfram lágmarks 8,0% eiginfjárhlutfall skv. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Eignarhlutir ríkisins

Skv. a-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin „[a]ð fara með eignarhluti ríkisins í fyrirtækjum og félögum, sbr. 1. gr. [laganna]“ og skv. b-lið „[a]ð sjá um samskipti ríkisins við fjármálafyrirtæki sem ríkið á eignarhluti í og tengjast eigendahlutverki þess [og fara samskiptin] fram í gegnum bankaráð og stjórnir fjármálafyrirtækjanna“. Fundað er með nýjum stjórnarmönnum þegar þeir taka sæti í stjórn og þeim kynnt lögin um Bankasýsluna, eigendastefnu ríkisins og áherslur og framtíðarsýn Bankasýslunnar. Stofnunin leggur áherslu á góð samskipti við fulltrúa sína í stjórnum, meðeigendur að fjármálafyrirtækjum, sem hún fer með eignarhlut í, sem og stjórnendur fjármálafyrirtækjanna.

Skv. c-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin „[a]ð hafa eftirlit með framkvæmd eigendastefnu ríkisins eins og hún er á hverjum tíma“. Verður nánar fjallað um framkvæmd hennar í næsta hluta skýrslunnar.

Fundir hluthafa og stofnfjárhafa

Inngangur

Skv. d-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna fer stofnunin með atkvæði ríkissjóðs á hluthafafundum fjármálafyrirtækja og á fundum stofnfjáreigenda sparisjóða. Skv. 51. gr. laga um fjármálafyrirtæki skulu stjórnir viðskiptabanka og sparisjóða skipaðar eigi færri en fimm mönnum. Bankasýsla ríkisins hefur rétt á því að tilnefna einn fulltrúa í stjórn Arion banka, en Kaupskil ehf., sem fer með 87,0% eignarhlut, hefur rétt á því að tilnefna aðra fulltrúa í stjórn bankans. Bankasýsla ríkisins hefur rétt á því að tilnefna

tvo fulltrúa í stjórn Íslandsbanka, en stjórnarmönnum var fjölgað úr sjö í níu á hluthafafundi þann 4. september sl., en ISB Holding ehf., sem fer með 95,0% eignarhlut, hefur rétt á því að tilnefna aðra fulltrúa í stjórn bankans. Áður en fjölgun stjórnarmanna kom til, í framhaldi af breytingum sem gerðar voru á hluthafasamkomulagi bankans og eigenda hans, hafði stofnunin rétt á að tilnefna einn fulltrúa. Bankasýsla ríkisins hefur rétt á því að tilnefna alla sjö fulltrúa í stjórn Landsbankans. Fer stofnunin nú með 97,9% eignarhlut í bankanum. Í stjórnum sparisjóða, sem Bankasýsla ríkisins fer með stofnfjárhluti í, eru fimm aðalmenn og tveir varamenn. Stofnunin tilnefnir fjóra stjórnarmenn í stjórn SpBol og SpNl, þrjá stjórnarmenn í stjórn SpVest og tvo stjórnarmenn í SpNor. Aðrir stofnfjárhafar hafa rétt til þess að tilnefna aðra stjórnarmenn ofangreindra sparisjóða.

Á tímabilinu 23. maí 2013 – 1. júní 2014 voru haldnir fjórir hluthafa- og stofnfjárhafafundir utan hefðbundinna aðalfunda.

Þann 27. júní 2013 hélt Arion banki hluthafafund þar sem kaupaukakerfi Arion banka hf. var samþykkt. Fulltrúi Bankasýslu ríkisins sat hjá við afgreiðslu málsins.

Þann 17. júlí hélt Landsbankinn hluthafafund þar sem úthlutunarreglur um afhendingu hlutabréfa í bankanum til starfsmanna voru samþykktar.

Þann 4. september hélt Íslandsbanki hluthafafund þar sem samþykktar voru breytingar á samþykktum bankans og stjórnarmönnum samhliða fjölgað úr sjö í níu. Bankasýsla ríkisins fékk tvo fulltrúa í aðalstjórn í stað eins fulltrúa áður, eins og fram kom hér á undan, og tók Þóranna Jónsdóttir sæti nýs aðalmanns, en Gunnar Fjalar Helgason var kosinn varamaður.

Þann 18. desember 2013 hélt Arion banki svo annan hluthafafund, þar sem kjörnir voru tveir nýir stjórnarmenn, Benedikt Olgeirsson og Björgvin Skúli Sigurðsson, fyrir hönd Kaupskila ehf. Komu þeir inn í stjórn í stað Jóns G. Briem og Bjargar Arnardóttur, en hún var varamaður Freys Þórðarsonar, sem hætti í stjórn fyrr á árinu 2013 þegar hann tók við framkvæmdastjórastöðu hjá bankanum.

Á tímabilinu 19. mars – 14. maí 2014 voru haldnir aðalfundir allra viðskiptabankanna og tveggja sparisjóða, sem Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti í. Verður hér gerð nánari grein fyrir þeim. Aðalfundur Landsbankans var haldinn 19. mars í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu, aðalfundur Arion banka var haldinn 20. mars í höfuðstöðvum bankans, og aðalfundur Íslandsbanka 2. apríl í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Aðalfundur SpNor var haldinn í Nesskóla, Norðfirði, Fjarðabyggð 8. apríl, og aðalfundur SpVest var haldinn í höfuðstöðvum sparisjóðsins 14. maí. Aðalfundir SpBol og SpNl hafa ekki enn verið haldnir þegar þetta er ritað, en viðbúið er að sparisjóðirnir muni brátt sameinast og aðalfundir þeirra fari fram fyrir lok júnímánaðar.

Aðalfundur Arion banka

Á aðalfundi Arion banka voru eftirfarandi aðilar kosnir í stjórn: Kirstín Þ. Flygenring, sem er fulltrúi Bankasýslu ríkisins, og Benedikt Olgeirsson, Björgvin Skúli Sigurðsson, Guðrún Johnsen, Måns Höglund, Monica Caneman og Þóra Hallgrímsdóttir, sem eru fulltrúar Kaupskila ehf., sem fer með 87,0% eignarhlut. Varamenn voru kjörnir Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir, sem er fulltrúi Bankasýslunnar, Ólafur Örn Svansson og Björg Arnardóttir, sem eru fulltrúar Kaupskila ehf. Á fundinum voru samþykktar tillögur um að greiða arð til hluthafa að fjárhæð 7.811.000.000 kr., um þóknun stjórnar og tillaga stjórnar um starfskjarastefnu, sem var óbreytt frá fyrra ári. Bankasýsla ríkisins greiddi atkvæði gegn tillögu um þóknun stjórnar og lét bóka að hækkunin sem fælist í umræddri tillögu samræmdist ekki eigandastefnu ríkisins. Jafnframt ítrekaði stofnunin fyrri bókanir um mikilvægi þess að jafnræðis væri gætt á milli stjórnarmanna hvort sem þeir hafa aðsetur á Íslandi eða ekki. Bankasýslan sat hjá við atkvæðagreiðslu um starfskjarastefnu. Aðrar tillögur voru samþykktar einróma.

Aðalfundur Landsbankans

Á aðalfundi Landsbankans voru eftirfarandi aðilar kjörnir í stjórn: Tryggvi Pálsson, stjórnarformaður, Danielle Pamela Neben, Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, Helga Björk Eiríksdóttir, Jóhann Hjartarson, Jón Sigurðsson og Kristján Davíðsson. Varamenn voru kjörnir Ragnar Lárus Gunnarsson og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir. Bankasýsla ríkisins fer með 97,9% hlut í bankanum fyrir hönd ríkisins, og eru því allir stjórnarmenn fulltrúar stofnunarinnar. Á fundinum voru einróma samþykktar tillögur um útgreiðslu arðs, sem nam 0,84 kr. á hlut fyrir árið 2013, sem samsvarar um 20,2 ma.kr. af hagnaði, um breytingar á samþykktum, um þóknun stjórnar, og tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.

Aðalfundur Íslandsbanka

Á aðalfundi Íslandsbanka var núverandi stjórn endurkjörin: Friðrik Sophusson, stjórnarformaður, Árni Tómasson, Neil Graeme Brown, Helga Valfells, Daniel Levin, John E. Mack, Marianne Økland, María E. Ingvadóttir og Þóranna Jónsdóttir, en María og Þóranna eru fulltrúar Bankasýslu ríkisins. Varamenn voru kjörnir Gunnar Fjalar Helgason, sem er fulltrúi Bankasýslu ríkisins, Jón Eiríksson og Svana Helen Björnsdóttir, sem er nýr varamaður. Á fundinum voru samþykktar tillögur um að greiða 4,0 ma.kr. arð, um óbreytta þóknun stjórnar, og um óbreytta starfskjarastefnu. Bankasýslan sat hjá við atkvæðagreiðslu um starfskjarastefnu, en greiddi öllum öðrum tillögum atkvæði.

Aðalfundur Sparisjóðs Norðfjarðar ses

Á aðalfundi SpNor voru eftirfarandi aðilar kjörnir í stjórn: Regína Fanný Guðmundsdóttir og Sigurður Hafsteinn Pálsson, sem eru fulltrúar Bankasýslu ríkisins. Aðrir stjórnarmenn eru Jón Björn Hákonarson, Jón Einar Marteinsson og Jóna Árný Þórðardóttir. Fulltrúi Bankasýslunnar í varastjórn er Sigríður Þorgeirsdóttir, en Valdimar O. Hermannsson skipar hitt sæti varamanns. Að auki samþykkti fundurinn

tillögur um greiða út arð, sem nemur jákvæðum varasjóði, 23.672.918 kr. og að honum yrði að öllu leyti varið til hækkunar á nafnverði stofnfjárhluta í sparisjóðnum, sbr. 2. mgr. 70. gr. laga um fjármálafyrirtæki, sem og tillögur um óbreytta starfskjarastefnu og um þóknun stjórnar. Tók Sigurður Hafsteinn sæti Hákons Björnssonar, sem setið hafði í stjórn sjóðsins frá því að Bankasýslan fékk eignarhlut ríkissjóðs í sparisjóðunum til umsýslu.

Aðalfundur Sparisjóðs Vestmannaeyja ses

Á aðalfundi SpVest voru eftirfarandi aðilar kjörnir í stjórn: Þorbjörg Inga Jónsdóttir, Ólafur H. Guðgeirsson og Stefán S. Guðjónsson, sem eru fulltrúar Bankasýslu ríkisins. Aðrir stjórnarmenn eru Hörður Óskarsson og Vilhjálmur Egilsson. Var stjórn sjóðsins óbreytt á milli aðalfunda. Fulltrúi Bankasýslu ríkisins í varastjórn er Jónína B. Bjarnadóttir, en Lilja Björg Arngrímsdóttir skipar hitt sæti varamanns. Að auki samþykkti fundurinn tillögur um að greiða ekki út arð fyrir reikningsárið 2013, um þóknun stjórnar, og um óbreytta starfskjarastefnu.

Aðalfundur Sparisjóðs Bolungarvíkur ses

Aðalfundur SpBol hafði ekki verið haldinn þegar þetta er ritað.

Aðalfundur Sparisjóðs Norðurlands ses

Aðalfundur SpNl hafði ekki verið haldinn þegar þetta er ritað.

Samningar við stjórnir fyrirtækja

Skv. e-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin „[a]ð gera samninga við stjórnir hlutaðeigandi fjármálafyrirtækja, þar á meðal um eiginfjárframlög og um sérstök og almenn markmið í rekstri þeirra [og setja] þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg vegna eiginfjárframlaga [og birta útdrætti] úr samningum opinberlega 12 mánuðum eftir að þeir hafa verið gerðir“. Þann 16. desember 2010 var gerður samningur um almenn og sértæk markmið í rekstri Landsbankans, sem er enn í gildi. Skv. f-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin einnig „[a]ð fylgjast með að settum markmiðum í samningum verði náð“. Skv. lið 5.5. í samningnum milli Bankasýslunnar og Landsbankans er kveðið á um að fara skuli yfir samninginn árlega og að bankinn skuli skila skriflegri skýrslu um hvernig til tókst. Bankasýslan og stjórn Landsbankans, sem tók við á aðalfundi bankans 2013, hafa sameiginlega unnið að nýjum samningi um almenn og sértæk markmið í rekstri.

Tillögur um fjármögnun, endurskipulagningu og sölu eignarhluta

Skv. g-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin „[a]ð gera tillögur til fjármálaráðherra um frekari fjármögnun fjármálafyrirtækja á grundvelli hlutverks og markmiða stofnunarinnar“. Bankasýslan lagði ekki fram tillögur um frekari fjármögnun fjármálafyrirtækja á árinu 2013 og hefur heldur ekki gert það á árinu 2014.

Skv. h-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin „[a]ð meta og setja skilyrði um endurskipulagningu og sameiningu fjármálafyrirtækja með hliðsjón af hlutverki og markmiðum stofnunarinnar og eigendastefnu ríkisins“. Hafði stofnunin frumkvæði að því á árinu 2013 að tveir sparisjóðir, sem hún fer með stofnfjárhluti í, sameinuðust í SpNl. Bankasýslan hefur jafnframt haft frumkvæði að því að SpNl og SpBol sameinist og er samruna sjóðanna að vænta síðar á árinu. Bankasýslan hefur einnig móttekið erindi ýmissa smærri og sérhæfðari fjármálafyrirtækja vegna hugmynda um sameiningar þeirra, m.a. við sparisjóði í umsýslu stofnunarinnar.

Skv. i-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin „a[ð] gera tillögur til fjármálaráðherra um hvort og hvenær tilteknir eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum verða boðnir til sölu á almennum markaði með hliðsjón af markmiðum stofnunarinnar og í samræmi við gildandi lög og markmið um dreifða eignaraðild“, og skv. j-lið laganna „[a]ð undirbúa og vinna tillögur um sölu eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum“. Söluáætlun var birt í framtíðarstefnu Bankasýslunnar 16. mars 2012 og uppfærð í ársskýrslu stofnunarinnar 2013 eins og tafla 4 sýnir. Var áætlunin uppfærð m.a. í ljós setningar laga um sölumeðferð eignarhluta. Þann 21. júní 2013 ritaði stofnunin fjármála- og efnahagsráðuneytinu bréf þar sem óskað var eftir heimild í fjárlögum fyrir árið 2014, í samræmi við fyrrgreind lög, til sölu á (1) eignarhlut ríkisins í Arion banka hf., (2) eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf., (3) eignarhlut ríkisins í

Landsbankanum hf. umfram 70% hlut ríkisins af heildarhlutafé bankans, og (4) eignarhluti ríkisins í sparisjóðum. Sú heimild var veitt í fjárlögum ársins 2014.

Tafla 4: Möguleg tímasetning sölu eignarhluta

Fjármálafyrirtæki	Eignarhlutur	Árið 2013		Árið 2014		Söluheimild skv. fjárlögum 2014
		Fyrri hluti	Síðari hluti	Fyrri hluti	Síðari hluti	
Sparisjóðirnir	49,5-80,9 %					49,5-80,9%
Íslandsbanki	5,0%					5,0%
Arion banki	13,0%					13,0%
Landsbankinn	97,9%					27,9%

Bankasýslan hefur ekki enn gert tillögu um sölu eignarhluta í fjármálafyrirtækjum, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga um sölumeðferð eignarhluta.

Samkeppnissjónarmið

Skv. 1. mgr. 5. gr. laga um Bankasýsluna „skal [stofnunin] í starfsemi sinni og við meðferð eignarhluta ríkisins kappkosta að efla og styrkja samkeppni á fjármálamarkaði, m.a. með því að stuðla að því að öflug og virk samkeppni ríki milli fjármálafyrirtækja í eigu ríkisins“. Eins og áður sagði hefur Bankasýslan átt frumkvæði að því að sparisjóðir, sem stofnunin fer með stofnfjárhluti í, sameinist. Telur stofnunin að slík sameining styrki ekki einungis rekstur sparisjóðanna, heldur efli einnig samkeppni á innlána- og útlánamarkaði.

Skv. 2. mgr. 5. gr. laga um Bankasýsluna „skal þess [við starfsemi stofnunarinnar] vandlega gætt að trúnaðarupplýsingar um rekstur og starfsemi einstakra fjármálafyrirtækja sem hún fær vitneskju um berist ekki til annarra fjármálafyrirtækja“. Leggur Bankasýslan mikla áherslu á þennan þátt í starfsemi sinni.

Framkvæmd eigendastefnu ríkisins

Skv. 2. mgr. 1. gr. laga um Bankasýsluna, fer „Bankasýsla ríkisins [með] eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, í samræmi við.. eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma“. Skv. c-lið 4. gr. laga um Bankasýsluna á stofnunin „[a]ð hafa eftirlit með framkvæmd eigendastefnu ríkisins eins og hún er á hverjum tíma“.

Eigendastefna ríkisins var birt 1. september 2009.[6] Er stefnan fjórþætt og fjallar um markmið ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum, skipulag eigandahlutverksins innan ríkisins, meginreglur sem

[6] Þess má geta að skjalið heitir Eigandastefna ríkisins, þrátt fyrir að lögin vitni í eigendastefnu ríkisins

ríkið setur sér sem eigandi og loks kröfur og viðmið í rekstri fjármálafyrirtækja, sem ríkið á hluti í. Verður hér fjallað um hvern þátt og hvernig Bankasýsla ríkisins hagaði starfsemi sinni á nýliðnu starfsári í samræmi við eigendastefnu ríkisins.[7]

Markmið ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum

Ef fyrst er litið til markmiða ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum, þá lýtur það þremur meginmarkmiðum og fjórum undirmarkmiðum, skv. eigendastefnunni. Eitt af meginmarkmiðunum er að byggja upp traust og trúverðugleika á íslenskum fjármálamarkaði. Sem dæmi má nefna, að til að gegna endurreisnarhlutverki sínu setti Bankasýsla ríkisins sér það markmið í framtíðarstefnunni, að vera virkur aðili í miðlun þekkingar og umræðu um lausnir í íslenska bankakerfinu, jafnt gagnvart íslensku samfélagi sem alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Hefur stofnunin t.d. lagt ríka áherslu á að fá framúrskarandi alþjóðlega fyrirlesara á ársfundi sína. Stofnunin hefur einnig lagt ríka áherslu á að rita vandaðar umsagnir til Alþingis um lagafrumvörp.

Annað af meginmarkmiðum ríkisins með eignarhaldi er að það fái arð af því fé, sem það lagði til fjármálafyrirtækja. Kom þetta markmið einnig skýrt fram í framtíðarstefnu Bankasýslunnar frá 16. mars 2012 sem og í uppfærðum hugmyndum um endurheimtur á fjárframlögum ríkisins til fjármálafyrirtækja, sem fram komu í ársskýrslu stofnunarinnar á síðasta ári, sbr. töflu 5 hér á eftir.

Tafla 5: Hugmyndir um endurheimtuaðferðir á fjárframlögum ríkisins til fjármálafyrirtækja

Beinar endurheimtur	**Óbeinar endurheimtur**

- Skráning á markað
  o Einhliða skráning á innlendum markaði
  o Tvíhliða skráning á innlendum og alþjóðlegum markaði
- Sala til fagfjárfesta
  o Sala til innlendra fagfjárfesta
  o Sala til sérhæfðra framtakssjóða
- Sala til alþjóðlegra fjármálafyrirtækja
	- Sala eða uppskipting í tengslum við endurskipulagningu
	- Sameining við önnur fjármálafyrirtæki
	- Greiðsla sérstaks arðs
	- Kaup fjármálafyrirtækja á eigin hlutabréfum
	- Útgáfa skiptanlegra skuldabréfa

Bankasýslan sem og meðeigendur ríkisins í viðskiptabönkunum hafa kallað eftir því að stjórnir þeirra móti sér arðgreiðslustefnu. Á árinu 2013 greiddu bæði Íslandsbanki og Landsbankinn í fyrsta skipti arð. Nam arðgreiðsla Íslandsbanka 3,0 ma.kr., eða 12,8% af hagnaði fyrra árs, en arðgreiðsla Landsbankans 10,1 ma.kr. eða 39,6% af hagnaði fyrra árs. Voru þetta fyrstu almennu arðgreiðslur bankanna frá

[7] Þess má geta að 24. ágúst 2012 birti fjármálaráðuneytið ritið *Almenn eigendastefna ríkisins: Hlutafélög og sameignarfélög*. Almenna eigandastefna ríkisins tekur enn sem komið er einungis til þeirra aðila sem falla undir E-hluta ríkisreiknings, þ.e. sameignar- og hlutafélaga, sem ríkið á að hálfu eða meirihluta. Hins vegar er það skilningur Bankasýslunnar að birting almennu eigendastefnunnar í ágúst 2012 breyti ekki eigandastefnu ríkisins frá september 2009

stofnun þeirra. Á árinu 2014 greiddu hins vegar allir bankarnir arð. Nam arðgreiðsla Arion banka 7,8 ma.kr., eða 60,0% af hagnaði fyrra árs, arðgreiðsla Íslandsbanka 4,0 ma.kr., eða 17,4% af hagnaði fyrra árs og arðgreiðsla Landsbankans 20,2 ma.kr., eða 70,1% af hagnaði fyrra árs. Nam arðgreiðsla viðskiptabankanna árið 2014 samtals 49,4% af hagnaði ársins 2013, en árið 2013 samtals 20,0% af hagnaði ársins 2012. Á aðalfundi Sparisjóðs Norðfjarðar þann 8. april sl. var samþykkt að greiða út arð í formi endurmats stofnfjár en skv. lögum er heimilt að endurmeta stofnfé frá útgáfudegi í takt við verðlagsbreytingar frá útgáfudegi. Arðgreiðslan er að fjárhæð 23,7 m.kr. eða sem jafngildir 46,3% af hagnaði fyrra árs eftir skatt. Er þetta fyrsti sparisjóðurinn sem innir af hendi arðgreiðslu til ríkisins frá því að ríkið eignaðist hlut í sparisjóðum.

Tafla 6: Samtals tekjur ríkissjóðs vegna arðgreiðslna viðskiptabankanna 2013 og 2014 (m.kr.)

	Arion banki	**Íslandsbanki**	**Landsbankinn**	**Samtals**
Arðgreiðsla á árinu 2013 vegna hagnaðar á árinu 2012				
Samþykkt arðgreiðsla	-	3.000,0	10.080,0	13.080,0
Fjármagnstekjuskattur	-	(600,0)	(2.016,0)	(2.616,0)
Arðgreiðsla eftir fjármagnstekjuskatt	-	2.400,0	8.064,0	10.464,0
Eignarhlutur ríkisins við útgreiðslu	13,0%	5,0%	97,9%	
Hlutur ríkissjóðs í arðgreiðslu eftir fjármagnstekjuskatt	-	120,0	7.896,0	8.016,0
Fjármagnstekjustattur ríkissjóðs vegna arðgreiðslna	-	600,0	2.016,0	2.616,0
Samtals tekjur ríkissjóðs vegna arðgreiðslna	-	720,0	9.912,0	10.632,0
Hagnaður ársins sem tilheyrir hluthöfum bankans	16.622,0	23.438,0	25.439,0	65.499,0
Arðgreiðsla sem hlutfall af hagnaði	0,0%	12,8%	39,6%	20,0%
Arðgreiðsla á árinu 2014 vegna hagnaðar á árinu 2013				
Samþykkt arðgreiðsla	7.811,0	4.000,0	20.160,0	31.971,0
Fjármagnstekjuskattur	(1.562,2)	(800,0)	(4.032,0)	(6.394,2)
Arðgreiðsla eftir fjármagnstekjuskatt	6.248,8	3.200,0	16.128,0	25.576,8
Eignarhlutur ríkisins við útgreiðslu	13,0%	5,0%	97,9%	
Hlutur ríkissjóðs í arðgreiðslu eftir fjármagnstekjuskatt	812,3	160,0	15.792,0	16.764,3
Fjármagnstekjustattur ríkissjóðs vegna arðgreiðslna	1.562,2	800,0	4.032,0	6.394,2
Samtals tekjur ríkissjóðs vegna arðgreiðslna	2.374,5	960,0	19.824,0	23.158,5
Hagnaður ársins sem tilheyrir hluthöfum bankans	13.019,0	22.977,0	28.750,0	64.746,0
Arðgreiðsla sem hlutfall af hagnaði	60,0%	17,4%	70,1%	49,4%

Eitt af undirmarkmiðum eigandastefnunnar er að fjármálastofnanir, sem ríkið á eignarhluti í, hagi starfsemi sinni þannig, að rekstur þeirra sé skilvirkur og að markvisst sé unnið að endurskipulagningu. Bankasýsla ríkisins fylgist vandlega með rekstri fjármálafyrirtækja og þróun á lykilþáttum í rekstri þeirra, eins og fjallað er ítarlega um síðar í skýrslunni. Í þessu sambandi má nefna, að vanskilalánahlutfall viðskiptabankanna hefur farið ört lækkandi á milli ára. Á mynd 1 hér á eftir má sjá hlutfall útlána sem eru í vanskilum en hafa ekki verið sérstaklega virðisrýrð. Hlutfall vanskilalána nam 17,6% af útlánasafni viðskiptabankanna í árslok 2010 en var 7,2% í árslok 2013. Mun meiri samdráttur hefur verið í alvarlegum vanskilum eða vanskilum til 90 daga eða lengur. Í árslok 2010 var 13,2% útlána í vanskilum til 90 daga eða lengur en hlutfallið var komið í 3,2% í árslok 2013. Í ársskýrslum viðskiptabankanna árið 2013 var endurskipulagningu útlánasafns einnig gerð góð skil, m.a. með útgáfu sérstakra áhættuskýrslna í samræmi við þriðju stoð Basel II reglnanna.

Mynd 1: Hlutfall vanskila útlána viðskiptabankanna[8]



Skipulag eigandahlutverksins innan ríkisins

Eins og fram kemur í stefnu ríkisins er hlutverk þess gagnvart fjármálamarkaðnum þríþætt: (a) stefnumótunarhlutverk, (b) eftirlitshlutverk og (c) umsýsla eignarhluta. Með lögum um Bankasýsluna og eigendastefnunni hefur Bankasýslu ríkisins verið falin umsýsla eignarhluta til fimm ára frá stofnun hennar. Með eigendastefnu ríkisins og stofnun Bankasýslunnar voru eftirlitshlutverk og eigendahlutverk ríkisins því algjörlega aðskilin. Í frumvarpi til fjárlaga ársins 2014 kom fram á bls. 427 að „Bankasýsla ríkisins [hafi verið] sett á fót með lögum nr. 88/2009 og [tekið] til starfa 1. janúar 2010

[8] Heimild: Ársreikningar Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans

[..og að..] [s]tofnunin [skuli] hafa lokið störfum eigi síðar en fimm árum frá því að hún [var] sett á fót og samkvæmt því verð[i] hún lögð niður í árslok 2014.“

FME fer ásamt Seðlabankanum með eftirlitshlutverkið, og Alþingi (lagasetningu) og fjármála- og efnahagsráðuneytið (frumvarpasmíð, reglugerðir o.fl.) með stefnumótunarhlutverkið. Hefur því Bankasýslan sem eigandi (eða sá aðili sem fer með eignarhluti ríkisins) fjármálafyrirtækja aðra sýn á málefni fjármálafyrirtækja, heldur en eftirlitsaðilar. Gerir stofnunina t.a.m. athugasemdir við íþyngjandi lagaákvæði í umsögnum um lagafrumvörp og allt aðrar kröfur um rekstrarhagkvæmni og upplýsingagjöf en eftirlitsaðilar.

Þrátt fyrir formlegan aðskilnað þessara hlutverka hefur Bankasýsla ríkisins lagt mikla áherslu á að eiga gott samstarf við þær stofnanir, sem eigendastefnan nefnir að fari með stefnumótunarhlutverkið (Alþingi og ráðuneyti) og eftirlitshlutverkið (FME og Seðlabankinn). Á liðnu starfsári fundaði Bankasýsla ríkisins reglulega með FME, svo og hinum ýmsu nefndum Alþingis. Bankasýsla ríkisins útbjó t.d. umsögn um drög að frumvarpi til laga um fjármálastöðugleikaráð til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, en stofnunin útbjó einnig ítarlegar ábendingar um skýrslu efnahags- og viðskiptaráðherra frá mars 2012 um framtíðarskipan fjármálakerfisins, þar sem hugmyndir um slíkt ráð voru fyrst lagðar fram. Stofnunin ritaði einnig fjölda umsagna um lagafrumvörp á liðnu starfsári. Leitast Bankasýslan við að veita umsagnir, sem tengjast þeim málefnum sem snerta Bankasýsluna, eða hagsmuni þeirra fjármálafyrirtækja, sem hún fer með eignarhlut í. Á árinu 2013 ritaði Bankasýslan umsagnir til Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, um frumvarp til upplýsingalaga, og um frumvarp til laga um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga 2014. Það sem af er árinu 2014 hefur stofnunin einnig ritað umsagnir um frumvarp til laga um opinber skjalasöfn og frumvarp til laga um fjármálastöðugleikaráð. Þá ráðgerir stofnunin að rita sérstaklega ítarlega umsögn um fyrirliggjandi frumvarp til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki, en með frumvarpinu er stefnt að því að stíga fyrsta skrefið í því að aðlaga íslenska löggjöf á sviði fjármálamarkaða að Basel III staðlinum og nýju regluverki Evrópusambandsins.

Bankasýsla ríkisins heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra og fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum í umboði ráðherra. Hefur stofnunin átt mjög gott samstarf við ráðuneytið, sem og stofnanir sem heyra undir ráðuneytið. Má þar sérstaklega nefna Fjársýslu ríkisins. Samstarf Bankasýslunnar og ráðuneytisins hefur m.a. náð til áætlana- og fjárlagagerðar, útfærslu á mögulegum leiðum við endurheimtur á fjárframlögum til fjármálafyrirtækja, vinnu við endurskipulagningaráætlanir fyrir Eftirlitsstofnun EFTA í tengslum við lögmæti ríkisaðstoðar og eftirfylgni við að arðgreiðslur fjármálafyrirtækja berist ríkissjóði.

Meginreglur, sem ríkið setur sér sem eigandi

Skv. eigendastefnu ríkisins ber Bankasýslu ríkisins í störfum sínum og samskiptum við fjármálafyrirtæki og stjórnir þeirra, að fara eftir ákveðnum meginreglum, sem fulltrúum ríkisins í stjórnum fjármálafyrirtækjanna ber einnig að hafa í heiðri:[9]

- Jafnræði í starfsemi fjármálafyrirtækja og í samskiptum við hluthafa.
- Gagnsæi í samskiptum ríkisins við fjármálafyrirtæki.
- Helstu tillögur og ákvarðanir eiganda í málefnum sem snerta rekstur fjármálafyrirtækja skulu settar fram, ræddar og bornar upp til samþykkis á aðalfundum þeirra.
- Bankasýsla ríkisins mun, í samvinnu við aðra eigendur ef við á, setja árangursviðmið fyrir fyrirtækin. Stjórnir og bankaráð bera ábyrgð á því að þeim sé fylgt eftir.
- Fjármagnsskipan fjármálafyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins skal taka mið af markmiðum sem ríkið hefur með eignarhaldinu sem og stöðu fyrirtækjanna sjálfra.
- Samsetning stjórna og bankaráða skal taka mið af hæfni og fjölbreytni á grundvelli eðlis og starfsemi hvers fyrirtækis.
- Launafyrirkomulag skal vera gagnsætt og sanngjarnt miðað við almenna framvindu efnahagslífsins og að vel unnin störf stuðli að framgangi.
- Stjórnir og bankaráð skulu vera sjálfstæð gagnvart stjórnendum og framkvæmdastjórn fyrirtækjanna.
- Ætíð skal auglýst í stöður æðstu stjórnenda, svo sem banka- og framkvæmdastjóra.
- Stjórnar- og bankaráðsmenn á vegum ríkisins ættu að vinna eftir skýrum áætlunum og leitast stöðugt við að bæta hæfni sína til að ná settum markmiðum.
- Fjármálafyrirtækin skulu vera meðvituð um samfélagslega ábyrgð sína.
- Starfsmannastefna fjármálafyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins skal leitast við að tryggja virka þátttöku allra sem þar vinna, greinargóða miðlun upplýsinga til starfsfólks og starfsmannalýðræði. Fullt jafnrétti kynja í launamálum og framgangi starfa innan fyrirtækjanna skal sett í öndvegi.

Bankasýsla ríkisins hefur í störfum sínum á liðnu ári ætíð haft fyrrgreindar meginreglur að leiðarljósi og áréttað hið sama fyrir fulltrúum stofnunarinnar í stjórnum fjármálafyrirtækja. Á árinu lagði stofnunin sérstaklega áherslu á að fjármagnsskipan fjármálafyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins skuli taka mið af markmiðum sem ríkið hefur með eignarhaldinu sem og stöðu fyrirtækjanna sjálfra. Í þessu sambandi útbjó stofnunin sjálf ítarlega skýrslu um fjármagnsskipan Landsbankans síðastliðið haust og kynnti fyrir stjórn bankans. Taldi stofnunin mikilvægt að deila með hagsmunaaðilum sjónarmiðum sínum um fjármagnsskipan bankans, m.a. út frá hagsmunum eigenda bankans og möguleika á sölu eignarhluta í framtíðinni. Voru afrit skýrslunnar einnig send til fjármála- og efnhagsráðuneytis og Seðlabanka. Í skýrslunni var gerð ítarleg greining á fjármagnsskipan bankans, skilmálum skuldabréfa bankans, sem

[9] Heimild: Eigandastefna ríkisins 2009

gefin hafa verið út til LBI, kjörum sambærilegra banka á alþjóðlegum skuldabréfamörkuðum sem og hugmyndum um endurbætur á fjármagnsskipan bankans, eins og uppgreiðslu og endurfjármögnun skuldabréfsins, styrkingu á gjaldeyrisstöðu bankans með eignaskiptum, framlengingu skuldabréfanna samhliða breytingu í markaðsskuldabréf og loks uppskiptingu bankans.

Bankasýsla ríkisins hefur lagt mikla áherslu á að eiga gott samstarf við meðeigendur sína, hvort sem er í viðskiptabönkunum eða í sparisjóðunum. Hefur stofnunin t.d. lagt ríka áherslu á upplýsingagjöf viðskiptabankanna til hluthafa, með sérstökum fundum allra hluthafa, bæði þar sem hún fer með meirihluta og minnihluta eignarhalds. Stofnunin hefur einnig lagt áherslu á fjölbreytni, viðeigandi starfsreynslu stjórnarmanna og eðlilega nýliðun þegar kosið er í stjórnir fjármálafyrirtækja.

Bankasýsla ríkisins tilnefnir 23 fulltrúa sem aðalmenn í stjórnir fjármálafyrirtækja, þar af tíu í stjórnir viðskiptabanka og 13 í stjórnir sparisjóða. Stofnunin tilnefnir einnig átta varamenn, þar af fjóra í varastjórnir banka og fjóra í varastjórnir sparisjóða. Stofnunin hefur að fremsta megni reynt að tryggja jafnræði kynjanna við tilnefningar í stjórnir fjármálafyrirtækja. Af samtals 31 fulltrúa stofnunarinnar í aðal- og varastjórnum fjármálafyrirtækja eru 16 konur og 15 karlar, sbr. töflu 7 hér á eftir.

Tafla 7: Kynjahlutföll í stjórnum fjármálafyrirtækja sem Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti í

	Aðalmenn			**Varamenn**			**Aðal- og varamenn**		
	Konur	*Karlar*	*Alls*	*Konur*	*Karlar*	*Alls*	*Konur*	*Karlar*	*Alls*
Fulltrúar Bankasýslunnar									
Bankar	6	4	10	2	2	4	8	6	14
Sparisjóðir	5	8	13	3	1	4	8	9	17
Samtals	11	12	23	5	3	8	16	15	31
Fulltrúar annarra eigenda									
Bankar	5	8	13	2	2	4	7	10	17
Sparisjóðir	3	4	7	2	2	4	5	6	11
Samtals	8	12	20	4	4	8	12	16	28
Samtals stjórnarmenn									
Bankar	11	12	23	4	4	8	15	16	31
Sparisjóðir	8	12	20	5	3	8	13	15	28
Samtals	**19**	**24**	**43**	**9**	**7**	**16**	**28**	**31**	**59**

Kröfur og viðmið í rekstri fjármálastofnana

Skv. eigendastefnu ríkisins eiga stjórnarmenn og aðrir, sem taka á einhvern hátt þátt í stjórn eða rekstri þessara fyrirtækja fyrir hönd ríkisins, að starfa í samræmi við kröfur og viðmið er lúta að (a) samskiptum ríkisins og fjármálafyrirtækja, sem það á eignarhluti í, (b) stefnumörkun og vinnulagi, (c) starfsháttum bankaráða og stjórna, (d) upplýsingagjöf ríkis og fjármálafyrirtækja, (e) eftirliti, (f) launakjörum og (g)

jafnræði og jafnrétti. Nefna má mörg dæmi í starfsemi Bankasýslu ríkisins þar sem ofangreindum viðmiðum var framfylgt. Stjórn og starfsfólk stofnunarinnar tók hvorki þátt í daglegum rekstri fyrirtækjanna, né hafði áhrif á ákvarðanir þeirra, utan hefðbundinna samskiptaleiða, sem tengjast félagaformi þeirra, sbr. ákvæði eigendastefnunnar.

Umræða um launakjör í fjármálafyrirtækjum hefur verið fyrirferðarmikil undanfarið. Öllum viðskiptabönkunum ber að setja sér starfskjarastefnu, skv. lögum um hlutafélög, og hefur Bankasýsla ríkisins lagt áherslu á að laun í fjármálafyrirtækjum, sem hún fer með eignarhluti í, séu samkeppnishæf, og í tilfelli Landsbankans, ekki leiðandi. Hins vegar setja ákvæði laga og reglna, t.d. laga um Kjararáð nr. 47/2006, Landsbankanum ýmsar skorður, samanborið við önnur fjármálafyrirtæki, sem hann er í samkeppni við. Eins og kemur fram annars staðar í þessari skýrslu, og í samræmi við fyrrgreind ákvæði, sat Bankasýsla ríkisins hjá við atkvæðagreiðslu um starfskjarastefnu Arion banka og Íslandsbanka á nýliðnum aðalfundum bankanna. Þá greiddi stofnunin atkvæði gegn þóknun stjórnarmanna í Arion banka.

Þann 17. júlí sl. samþykkti hluthafafundur Landsbankans með atkvæði Bankasýslunnar fyrir hönd ríkissjóðs og Eignarhluta ehf. úthlutunarreglur um afhendingu hlutabréfa í bankanum til starfsmanna, í framhaldi af útgáfu skilyrta skuldabréfsins til LBI og framsals LBI á eignarhlutum sínum í bankanum, annars vegar til ríkisins og hins vegar til starfsfólks bankans. Var úthlutunin vegna efnda samningsaðila á samkomulagi fjármálaráðherra, LBI og Landsbankans frá 15. desember 2009 um fjármögnun bankans og fjárhagsuppgjör. Voru úthlutunarreglurnar útbúnar af bankaráði með ítarlegu samráði við Bankasýsluna. Við samþykki úthlutunarreglna lagði Bankasýslan afar ríka áherslu á að afhending hlutabréfa til starfsfólks Landsbankans væri í algjöru samræmi við reglur FME nr. 700/2011 um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja, þrátt fyrir að úthlutun bréfanna félli ekki undir reglurnar.

Stjórn og starfsmenn

Yfirstjórn Bankasýslu ríkisins er í höndum þriggja manna stjórnar, sem skipuð er af fjármála- og efnahagsráðherra. Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri stofnunarinnar, skv. 2. gr. laga um Bankasýsluna. Í stjórn sitja Guðrún Ragnarsdóttir, sem er formaður, Hulda Dóra Styrmisdóttir og Egill Tryggvason. Egill var varamaður í stjórn en tók sæti aðalmanns er Jón Sigurðsson sagði sig úr stjórn þann 27. mars sl. Á árinu 2013 hélt stjórn 12 formlega fundi.

Forstjóri Bankasýslu ríkisins er Jón G. Jónsson. Forstjóri mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti stofnunarinnar og annast daglega stjórn hennar ásamt því að ráða starfslið. Hann ber ábyrgð gagnvart stjórninni á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, skv. 3. gr. laga um Bankasýsluna.

Karl Finnbogason og Snorri Jakobsson eru sérfræðingar Bankasýslunnar í eignastýringu. Sérfræðingar í eignastýringu hafa eftirlit með eignum í umsjá Bankasýslu ríkisins, taka þátt í að framfylgja eigendastefnu ríkisins, sjá um regluleg samskipti stofnunarinnar við fjármálafyrirtæki, sem hún fer með eignarhluti í, sjá um upplýsingagjöf til eiganda og greiningu á fjárhag og rekstri fjármálafyrirtækjanna.

Erna Björg Smáradóttir er verkefnastjóri skjala- og upplýsingamála. Verkefnastjóri ber ábyrgð á skjalavistun Bankasýslunnar, hefur umsjón með heimasíðu, ritar fundargerðir, tekur þátt í textasmíð, gerð verkferla og yfirlestri texta, sér um innkaup, samninga og almennt skrifstofuhald.

Arnaldur Hjartarsson er lögfræðingur stofnunarinnar í hlutastarfi. Lögfræðingur veitir ráðgjöf varðandi ýmis lögfræðileg málefni sem varða Bankasýsluna og starfsemi hennar, leiðir m.a. ritun umsagna um lagafrumvörp og annarra lögfræðilegra skjala.

Valnefnd

Stjórn Bankasýslu ríkisins skipar þriggja manna valnefnd, sem gerir tillögu um stjórnarmenn fyrir hönd ríkisins þegar tilnefna þarf í stjórnir fyrirtækja á forræði stofnunarinnar, sbr. 7. gr. laga um Bankasýsluna.

Valnefnd Bankasýslu ríkisins skipa þau Kristín Rafnar, forstöðumaður skráningarsviðs Nasdaq OMX, formaður, dr. Friðrik Már Baldursson, prófessor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, og Kolbrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Kjölfestu. Kolbrún var skipuð í valnefnd þann 18. desember 2013 og tók þá sæti Helgu Valfells, sem sagði sig úr nefndinni þann 4. september 2013. Starfsreglur valnefndar og stjórnar Bankasýslunnar fjalla nánar um tillögur á vali stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum fyrir hönd ríkisins.

Frá því að Bankasýslan var sett á laggirnar hafa 298 karlar og 141 kona gefið kost á sér í stjórnir fjármálafyrirtækja, en stofnunin tekur við framboðum í gegnum heimasíðu sína og í gegnum tölvupóst allan ársins hring. Bankasýslan tilnefnir nú 23 aðalmenn og átta varamenn í stjórnir sjö fjármálafyrirtækja, eins og áður hefur komið fram.

Listi yfir stjórnarmenn Bankasýslunnar

Arion banki

Kirstín Flygenring
Kirstín Flygenring lauk námi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1980 og MA prófi í hagfræði frá Northwestern University í Illinois í Bandaríkjunum árið 1983. Hún stundaði nám við hagnýta fjölmiðlun við Háskóla Íslands á árunum 1993-1994. Kirstín lauk diplómanámi í evrópskum samkeppnisrétti frá

London University árið 2004 og sömuleiðis diplómanámi í verkefnastjórnun hjá Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2007.

Kirstín starfar í dag sem sjálfstæður ráðgjafi. Kirstín sat í nefnd um rannsókn á Íbúðalánasjóði á árunum 2011 – 2013. Kirstín var stundakennari og síðan aðjúnkt við Háskóla Íslands á árunum 2007 – 2012 og starfaði jafnframt sem sérfræðingur við Rannsóknarstofnun í fjármálum og hagfræði við Háskólann í Reykjavík á árunum 2008-2009. Á árunum 2002-2007 starfaði Kirstín sem hagfræðingur á hagfræðisviði Seðlabanka Íslands. Hún starfaði stuttlega hjá Þjóðhagsstofnun árið 2002 og var hagfræðingur hjá Fiskifélagi Íslands 1995-1998. Á árunum 1989-2000 ritstýrði hún hagfræðiorðasafni hjá FVH-Íslenskri málstöð-HÍ og frá 1986-1989 var hún markaðsstjóri hjá Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna. Á árunum 1984-1986 hafði hún umsjón með markaðs- og skoðanakönnunum hjá Hagvangi hf. og starfaði þar einnig sem ráðgjafi. Kirstín var hagfræðingur hjá OECD 1983-1984 og hagfræðingur hjá Félagi íslenskra iðnrekenda 1980-1981.

Varamaður í stjórn Arion banka er Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir.

Íslandsbanki

María E. Ingvadóttir

María E. Ingvadóttir lauk prófi í viðskiptafræði af endurskoðunarsviði og fjármálasviði frá Háskóla Íslands árið 1983. María hefur rekið eigið fyrirtæki, bókhalds-, reikningshalds- og ráðgjafafyrirtækið Beggja hagur ehf., frá árinu 2006. Á árunum 2002-2006 starfaði hún við ýmis ráðgjafaverkefni og var fjármálastjóri Reykjavíkur menningarborgar Evrópu árið 2000 á árunum 1998-2001. María var viðskiptafulltrúi Útflutningsráðs við sendiráð Íslands í Moskvu á árunum 1995-1997 og var fjármálastjóri Útflutningsráðs 1987-1991. Hún var deildarstjóri hagdeildar Sambands íslenskra samvinnufélaga á árunum 1984-1987 og viðskiptafræðingur hjá hagdeild Verðlagsstofnunar 1983-1984.

Þóranna Jónsdóttir

Þóranna Jónsdóttir útskrifaðist með M.Sc. í lyfjafræði frá Háskóla Íslands árið 1994 og með MBA gráðu frá IESE í Barcelona 1998. Árið 2008 lauk hún prófi í verðbréfamiðlun og útskrifaðist með doktorspróf í Business Administration frá Cranfield University í Bretlandi árið 2011, en þar sérhæfði hún sig í ábyrgð og skyldum stjórnarmanna.

Þóranna er deildarforseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík en hún var áður framkvæmdastjóri rekstrar og stjórnunar við sama skóla. Þóranna var framkvæmdastjóri samskipta- og viðskiptaþróunar hjá Auði Capital hf. árin 2007-2011 og framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Vistor hf./Veritas Capital hf. á árunum 2005-2008. Hún starfaði sem framkvæmdastjóri Artasan hf. á árunum 2007-2008 og var lektor við viðskiptadeild, framkvæmdastjóri Stjórnendaskólans, og forstöðumaður MBA náms/BS náms

við Háskólann í Reykjavík á árunum 1999-2005. Þóranna var framkvæmdastjóri Lyfja og heilsu árið 1999 og yfirmaður gæða- og markaðsmála hjá Íbúðalánasjóði 1998 – 1999

Varamaður í stjórn Íslandsbanka er Gunnar Fjalar Helgason.

Landsbankinn

Tryggvi Pálsson, stjórnarformaður

Tryggvi Pálsson útskrifaðist úr viðskipta- og hagfræði frá Háskóla Íslands árið 1974. Hann lauk meistaranámi í hagfræði frá London School of Economics árið 1975. Tryggvi var stjórnarformaður ISB Holding ehf. 2011 – 2013. Hann starfaði sem framkvæmdastjóri í Seðlabanka Íslands á árunum 2000-2011 og var framkvæmdastjóri/bankastjóri Íslandsbanka á árunum 1990-2000. Hann var bankastjóri Verslunarbanka Íslands á árunum 1988–1990 og framkvæmdastjóri Landsbanka Íslands á árunum 1976-1988.

Danielle Neben

Danielle lauk prófi í viðskiptafræði frá McGill háskólanum í Kanada árið 1989. Hún sat í framkvæmdastjórn HSBC Trinkaus & Burkhardt (Int.) SA í Lúxemborg frá ágúst 2012 þar til hún tók sæti í bankaráði Landsbankans í apríl 2013. Starfsferill hennar hjá HBSC hófst árið 1993, en síðan þá hefur hún sinnt ýmsum stjórnunarstörfum fyrir bankann í Kanada, Singapúr, Brasilíu, Taiwan, Þýskalandi, Bretlandi og Lúxemborg, m.a. á sviði verkefnastjórnunar, viðskiptatengsla, viðskiptabankaþjónustu, fyrirtækjaþjónustu, fjárfestatengsla og innheimtu útlána.

Eva Sóley Guðbjörnsdóttir

Eva Sóley Guðbjörnsdóttir lauk B.Sc. í hagverkfræði og hagfræði frá Columbia háskóla árið 2005 og meistaranámi í fjármálaverkfræði frá sama skóla árið 2006. Einnig hefur hún lokið prófi í verðbréfamiðlun frá Háskólanum í Reykjavík. Eva Sóley hefur verið eigandi Íscap ehf. frá árinu 2012. Hún hefur einnig starfað sem fyrirlesari við Háskólann í Reykjavík frá 2013. Á árunum 2006-2011 starfaði hún hjá Kaupþingi, þar af sem fjármálastjóri 2009-2011, framkvæmdastjóri kröfuhafasviðs og lánastýringa 2008-2009 og í fjármögnun og lausafjárstýringu 2006 -2008. Eva Sóley vann sem greinandi hjá Auerbach Grayson í New York árin 2004-2005 og við fyrirtækjaráðgjöf og á fyrirtækjasviði hjá Kaupþingi árið 2003.

Helga Björk Eiríksdóttir

Helga Björk Eiríksdóttir er viðskiptafræðingur með MBA gráðu frá Háskólanum í Edinborg. Hún útskrifaðist með BA gráðu í ensku og ítölsku frá Háskóla Íslands 1997 og lauk prófi í hagnýtri fjölmiðlun 1999 frá sama skóla. Helga Björk lauk prófi í markaðs- og útflutningsfræði frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 2002 og hefur lagt stund á verðbréfaviðskiptanám við Háskólann í Reykjavík. Helga Björk er framkvæmdastjóri Integrum. Hún starfaði áður sem fjárfesta- og almannatengill hjá Marel hf.

og var sjálfstæður ráðgjafi í fjárfesta- og almannatengslum 2011-2012. Hún gegndi einnig stjórnarformennsku í Sparisjóði Svarfdæla frá 2011 þar til hún tók sæti í bankaráði. Hún hafði umsjón með samskiptamálum fyrir skilanefnd og slitastjórn Kaupþings á árunum 2009 og 2010. Áður starfaði Helga Björk m.a. sem markaðs- og kynningarstjóri Nasdaq OMX Kauphallarinnar á Íslandi um átta ára skeið. Helga Björk hefur einnig starfað við fjölmiðla auk annarra starfa og var lengi starfsmaður Sparisjóðs Svarfdæla á Dalvík.

Jón Sigurðsson
Jón Sigurðson útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1979 og lauk prófi frá Háskólanum í Bradford árið 1980. Jón hefur starfað sem framkvæmdastjóri innkaupasviðs hjá Promens hf. síðan 2007 og var framkvæmdastjóri fjármálasviðs sama fyrirtækis á árunum 2004-2007. Hann starfaði sem forstöðumaður fjárfestingasviðs hjá Framtaki Fjárfestingarbanka hf. á árunum 1999-2004. Jón starfaði hjá Coca Cola Company á árunum 1995-1999, fyrst sem yfirmaður hagdeildar og svo sem yfirmaður þróunar- og fjárfestingarsviðs. Hann var fjármálastjóri hjá Vífilfelli hf. 1992-1995 og fjármálastjóri hjá Hans Petersen hf. 1986-1992. Á árunum 1980-1986 var hann rekstrarráðgjafi hjá Hagvangi hf. og var starfsmaður hagdeildar hjá Iðnaðarbanka Íslands hf. 1977-78.

Kristján Davíðsson
Kristján Davíðsson útskrifaðist með M.Sc. í sjávarútvegsfræði frá Háskólanum í Tromsö, Noregi árið 1987. Kristján hefur starfað sem framkvæmdastjóri ISDER ehf. frá árinu 2009 og hefur verið eigandi og framkvæmdastjóri Viðskiptaþróunar ehf. á sama tíma. Kristján var framkvæmdastjóri skilanefndar Glitnis 2008-2009. Á árunum 2005-2008 starfaði Kristján sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og sem forstöðumaður sjávarútvegsviðskipta á alþjóðasviði bankans. Hann var framkvæmdastjóri Iceland Seafood International árið 2005 og forstjóri/aðstoðarforstjóri Granda hf. og aðstoðarforstjóri HB Granda hf. á árunum 2003-2005. Kristján var viðskiptastjóri á viðskiptasviði hjá Íslandsbanka 2001-2003 og sjálfstæður ráðgjafi 2000-2001. Hann starfaði hjá Marel við sölu- og markaðsstörf á árunum 1994-2000 og sem sölustjóri hjá SÍF á árunum 1990-1994.

Jóhann Hjartarson
Jóhann Hjartarsson lauk cand. jur. prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1992. Hann hlaut réttindi héraðsdómslögmanns (hdl.) árið 1998 og lauk diplómanámi í alþjóðlegum hugverka- og einkaleyfarétti frá University of Washington School of Law sama ár. Þá hlaut hann réttindi til málareksturs hjá Evrópsku einkaleyfastofunni árið 2006.

Jóhann hefur starfað sem yfirlögfræðingur Íslenskrar erfðagreiningar ehf. frá árinu 1998, en á árunum 1998-2009 var hann einnig yfirlögfræðingur deCODE genetics. Jóhann er stórmeistari í skák og var atvinnumaður í skák og kennari við Skákskóla Íslands á árunum 1985 – 1997.

Varamenn í stjórn Landsbankans eru Ragnar Lárus Gunnarsson og Tinna Laufey Ásgeirsdóttir.

Sparisjóður Bolungarvíkur ses

Ragnar Birgisson, stjórnarformaður

Ragnar Birgisson er formaður stjórnar Sparisjóðs Bolungarvíkur. Ragnar útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands árið 1976 og lauk MBA-gráðu frá London Business School árið 1979. Ragnar hefur starfað hjá VJI ráðgjöf ehf. frá árinu 2010. Hann var framkvæmdastjóri Icelandic Water Holdings ehf. á árunum 2006-2009 og meðeigandi í Skaptafelli ehf. árið 2005. Ragnar var forstjóri Skífunnar ehf. árin 2003-2004 og 1996-2000. Hann var aðstoðarforstjóri Norðurljósa hf. árið 2000-2003, forstjóri Opal hf. á árunum 1989-1996 og forstjóri Sanitas hf. á árunum 1979-1989. Ragnar var sérfræðingur í Hagdeild Landsbankans hf. árið 1978 og framkvæmdastjóri Sana hf. 1976-1977. Ragnar starfaði sem sérfræðingur í Áætlanadeild hjá Framkvæmdastofnun ríkisins 1975-1976.

Þorgeir Pálsson

Þorgeir Pálsson útskrifaðist úr sjávarútvegshagfræði frá Nordland Distrikt Höyskole árið 1998. Hann lauk prófi í International Management frá Norwegian School of Management árið 1989 og lauk MBA-námi frá Háskólanum í Reykjavík árið 2008. Þorgeir er eigandi Thorp ehf. og starfar þar sem framkvæmdastjóri og rekstrarráðgjafi. Hann var framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf. árin 2008-2010 og stjórnunarráðgjafi hjá IMG Ráðgjöf (nú Capacent) á árunum 2004-2006. Þorgeir var meðeigandi og framkvæmdastjóri ICECON ehf. á árunum 2001-2004 og starfaði sjálfstætt við rekstrarráðgjöf 2000-2001. Hann var markaðsathugunarstjóri hjá Útflutningsráði Íslands (nú Íslandsstofa) 1991-1994 en þá tók hann við starfi forstöðumanns sjávarútvegssviðs. Á árunum 1989-1991 var hann aðstoðarmaður markaðsstjóra hjá Marel hf. og síðar sölustjóri yfir Bretlandi og Spáni.

Anna Sigríður Jörundsdóttir

Anna Sigríður Jörundsdóttir útskrifaðist með B.Ed. úr Kennaraháskóla Íslands árið 2002 og MBA frá Háskóla Íslands árið 2011. Anna Sigríður hefur starfað sem skrifstofustjóri fyrir Ósafl sf. frá árinu 2008. Hún starfaði sem kennari við Grunnskóla Bolungarvíkur á árunum 1998-2002. Anna Sigríður hefur einnig unnið við bókhald og rekstur við eigin fyrirtæki frá 1987.

María Júlía Rúnarsdóttir

María Júlía Rúnarsdóttir útskrifaðist sem lögfræðingur úr Háskólanum í Reykjavík árið 2010 og lagði stund á kerfisfræðinám í Oklahoma State University á árunum 1998-1999. María Júlía hefur starfað á lögmannsstofunni Kvasi frá árinu 2009. Árið 2005 vann hún hjá Bílaleigunni Alp/Budget/Avis og var þar ábyrg fyrir bókunardeild fyrirtækisins, sem og markaðsmálum á netinu. Á árunum 2003-2004 var hún starfsmaður tölvudeildar hjá Air Atlanta. Hún var ráðgjafi á tölvusviði hjá Unisys Belgium/Luxembourg árið 2002 og verkefnisstjóri hjá sama fyrirtæki á árunum 1999-2000.

Varamaður í stjórn Sparisjóðs Bolungarvíkur er Gísli Jón Hjaltason.

Sparisjóður Norðfjarðar ses

Regína Fanný Guðmundsdóttir

Regína Fanný Guðmundsdóttir útskrifaðist sem viðskiptafræðingur af endurskoðunarsviði frá Háskóla Íslands árið 1994 og lauk námi í löggiltri endurskoðun árið 2006. Regína var framkvæmdastjóri fjármálsviðs Byrs hf. á árunum 2010-2012 og forstöðumaður reikningshalds Byrs frá 2005-2010. Regína starfaði sem sérfræðingur hjá PriceWaterhouseCoopers hf. á árunum 2001-2004 og var útibússtjóri Landsbanka Íslands hf. á Djúpavogi 1996-2000. Hún starfaði sem fjármálastjóri Borgartún 6 ehf. 1994-1996.

Sigurður H. Pálsson

Sigurður H. Pálsson útskrifaðist sem viðskiptafræðingur fá viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1982 og lauk námi í löggiltri endurskoðun árið 1984. Sigurður starfaði hjá Deloitte hf., sem endurskoðandi og meðeigandi á árunum 1986 – 2013 og hjá Endurskoðunarstofu Geirs Geirssonar á árunum 1978 – 1985.

Varamaður í stjórn Sparisjóðs Norðfjarðar er Sigríður Þorgeirsdóttir.

Sparisjóður Norðurlands ses

Hólmgeir Karlsson, stjórnarformaður

Hólmgeir Karlsson lauk verkfræðiprófi í mjólkuriðn frá Landbúnaðarháskóla Noregs árið 1983 og námi í rekstri og stjórnun frá Háskólanum í Liverpool árið 2008. Hólmgeir hefur verið framkvæmdastjóri Bústólpa ehf. á Akureyri frá árinu 2007. Hann var framkvæmdastjóri þróunar- og markaðssviðs hjá Norðurmjólk ehf. á Akureyri á árunum 2000-2007. Hólmgeir var mjólkursamlagsstjóri hjá Mjólkursamlagi KEA á árunum 1997-2000 og framleiðslustjóri á sama stað á árunum 1988-1997. Hann starfaði hjá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði á árunum 1986-1988.

Auður Hörn Freysdóttir

Auður Hörn Freysdóttir útskrifaðist úr lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1993 og hlaut héraðsdómslögmannsréttindi árið 1996. Hún er einnig með próf í löggiltri verðbréfamiðlun. Auður Hörn hefur stundað lögmennsku á eigin vegum síðan 1998. Hún var dómarafulltrúi hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra 1997-1998 og forstöðumaður Skrifstofu atvinnulífsins á Akureyri 1994-1996.

Sigurður Skúli Bergsson

Sigurður Skúli Bergsson útskrifaðist úr lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1984 og úr rekstrarhagfræði frá Handels Højskole Syd í Danmörku árið 1990. Sigurður Skúli hefur starfað sem aðstoðartollstjóri frá árinu 2006. Á árunum 2000-2006 var hann forstöðumaður tollgæslusviðs hjá embætti tollstjóra og forstöðumaður innheimtusviðs á árunum 1998 – 2000. Hann rak eigin lögmannsstofu frá 1996-1998

og var gjaldheimtustjóri hjá Gjaldheimtu Suðurnesja 1990-1996. Sigurður Skúli var fulltrúi og deildarstjóri hjá Samgönguráðuneytinu 1985-1987 og dómarafulltrúi hjá Sýslumanninum í Borgarnesi 1984-1985.

Jón Ingi Sveinsson
Jón Ingi Sveinsson er menntaður véla- og rekstrariðnfræðingur. Hann starfar sem framkvæmdastjóri hjá byggingarfyrirtækinu Kötlu ehf. Ásamt því kemur hann að rekstri ferðaþjónustufyrirtækisins Sportferða ehf.

Varamaður í Sparisjóði Norðurlands er Borghildur Freyja Rúnarsdóttir.

Sparisjóður Vestmannaeyja ses

Þorbjörg Inga Jónsdóttir, stjórnarformaður
Þorbjörg Inga Jónsdóttir útskrifaðist sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1993. Þorbjörg Inga hefur auk þess hlotið diploma í alþjóðarétti frá Háskólanum í Helsinki og mannúðarrétti frá alþjóðaráði Rauða krossins. Hún stundaði einnig viðskipta- og rekstrarnám við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands á árunum 1997-2000. Þorbjörg Inga hefur starfað sem hæstaréttarlögmaður á Lagaþingi sf., eigin lögmannsstofu, frá árinu 2001 og verið stundakennari í kröfurétti o.fl. við Háskólann á Bifröst frá 2007. Hún var framkvæmdastjóri Fasteignasölu Mosfellsbæjar ehf. 1998-2001. Á árunum 1996-2001 var hún héraðsdómslögmaður hjá Lögbæ ehf., en hún var einnig eigandi þeirrar stofu. Þorbjörg Inga starfaði sem lögfræðingur hjá Vinnumálaskrifstofu félagsmálaráðuneytis á árunum 1992-1996.

Stefán S. Guðjónsson
Stefán S. Guðjónsson stundaði nám í markaðsfræðum við College for the Distributive Trades í London 1975-1978 og lauk prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands árið 1986. Einnig lauk hann prófi í verðbréfaviðskiptum árið 2001. Stefán hefur starfað sem forstjóri heildverslunarinnar John Lindsey hf. frá árinu 2002. Stefán var framkvæmdastjóri Félags íslenskra stórkaupmanna (síðar Samtaka verslunarinnar) frá 1991 til 2001 og samhliða því einnig framkvæmdastjóri Íslensk-kínverska viðskiptaráðsins frá 1995-2001. Hann var framkvæmdastjóri Fjárfestingarsjóðs stórkaupmanna frá 1989 til 2001 og starfaði m.a. á skrifstofu Verslunarráðs Íslands á árunum 1989-1991. Áður var hann viðskiptafræðingur hjá Félagi íslenskra stórkaupmanna.

Ólafur H. Guðgeirsson
Ólafur H. Guðgeirsson lauk BA prófi í almannatengslum og markaðsfræði frá Alabamaháskóla árið 1988 og MBA í rekstrarhagfræði frá sama háskóla árið 1990. Ólafur hefur verið sjálfstætt starfandi frá því í nóvember 2012. Hann vann að markaðs- og viðskiptaþróun fyrir Momentum og Gjaldheimtuna á árunum 2007-2012 og sinnti markaðs- og rekstrarráðgjöf í samstarfi við Argus markaðsstofu á sama tímabili. Á árunum 2004-2007 vann hann hjá ParX viðskiptaráðgjöf IBM. Ólafur starfaði hjá eMR

hugbúnaði hf. 2001-2004, fyrst sem markaðsstjóri og síðar framkvæmdastjóri og eigandi. Á árunum 1995-2000 starfaði hann hjá Sambandi íslenskra sparisjóða og Sparisjóðabanka Íslands hf. sem markaðsstjóri sparisjóðanna og forstöðumaður þróunarsviðs bankans. Áður starfaði Ólafur við markaðsmál hjá Úrval-Útsýn, var skrifstofustjóri Skólaskrifstofu Reykjavíkur og var hagfræðingur hjá Handsal hf.

Varamaður í stjórn Sparisjóðs Vestmannaeyja er Jónína B. Bjarnadóttir.

Fjárhagslegir hagsmunir ríkisins í eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum

Fjárframlög og hlutur í eigin fé

Skv. ríkisreikningi ársins 2012 nam bókfært virði eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum, sem Bankasýslan fer með, samtals 139,9 ma.kr., eða 12,6% af samtals eignum A-hluta ríkissjóðs, eins og sjá má í töflu 8. Bókfært virði annarra eignarhluta ríkissjóðs í sameignar- og hlutafélögum nam hins vegar 92,2 ma.kr., eða 8,3% af samtals eignum A-hluta.

Tafla 8: Eignarhlutir ríkisins skv. ríkisreikningi 2012 (m.kr.)

Eign í árslok 2012	Bókfært virði	Hlutfall af eignum
Landsbankinn hf.	122.000	10,96%
Arion banki hf.	9.862	0,89%
Íslandsbanki hf.	6.332	0,57%
Hlutabréf í viðskiptabönkum	138.194	12,41%
Sparisjóður Vestmannaeyja	555	0,05%
Sparisjóður Bolungarvíkur	543	0,05%
Sparisjóður Svarfdæla	382	0,03%
Sparisjóður Norðfjarðar	150	0,01%
Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis	105	0,01%
Stofnfjárbréf í sparisjóðum	1.735	0,16%
Samtals eignarhlutir sem Bankasýslan fer með	139.929	12,57%
Aðrir eignarhlutir í eigu ríkissjóðs	92.216	8,28%
Allar aðrar eignir ríkissjóðs	881.014	79,15%
Samtals eignir ríkissjóðs	**1.113.159**	**100,00%**

Mikill munur er á bókfærðu virði eignarhluta í ríkisreikningi og hlut ríkisins í eigin fé undirliggjandi félaga. Ef litið er til átta stærstu eignarhluta ríkissjóðs skv. bókfærðu virði í ríkisreikningi og gerður er samanburður á bókfærðu virði eignarhlutanna og hlut ríkisins í eigin fé þeirra, kemur í ljós að mismunurinn þar á milli nam 240,3 ma.kr. í árslok 2012. Eignarhlutur ríkisins í Landsbankanum, sem var bókfærður á 122,0 ma.kr. í árslok 2012, er stærsti einstaki liður í ríkisreikningi. Þá nam hins vegar 81,3% hlutur ríkisins í eigin fé bankans 183,0 ma.kr. Á sama tíma var eignarhlutur ríkisins í Landsvirkjun bókfærður á 60,4 ma.kr., en 99,9% hlutur í eigin fé félagsins nam hins vegar 213,8 ma.kr. Í árslok 2012 var því eignarhlutur ríkissjóðs í Landsbankanum stærsta bókfærða eign ríkissjóðs, en hlutur ríkissjóðs í eigin fé Landsvirkjunar stærsta eignin, ef hlutdeildaraðferð væri notuð. Aðrir eignarhlutir eru mun fyrirferðarminni á ríkisreikningi. Í árslok 2012 nam mismunurinn á bókfærðu virði eignarhluta ríkisins í viðskiptabönkunum þremur og hlut hans í eigin fé þeirra samtals 68,6 ma.kr.

Tafla 9: Eignarhlutir ríkisins skv. ríkisreikningi 2012 (ma.kr.)

Sameignar- og hlutafélag	Eignarhlutur ríkisins	Bókfært eigið fé eigenda félags	Hlutur ríkisins í bókfærðu eigin fé	Bókfært virði eignarhlutar í ríkisreikningi	Mismunur
Landsbankinn	81,3%	225,1	183,0	122,0	61,0
Landsvirkjun	99,9%	213,8	213,6	60,4	153,2
Rarik ohf.	100,0%	25,5	25,5	14,6	10,9
Arion banki	13,0%	127,1	16,5	9,9	6,6
Isavia ohf.	100,0%	11,6	11,6	4,9	6,7
Íslandsbanki	5,0%	146,4	7,3	6,3	1,0
Orkubú Vestfjarða hf.	100,0%	5,4	5,4	4,6	0,8
Eignarhaldsfélagið Farice ehf.	30,2%	8,8	2,7	2,6	0,1
Samtals		**763,7**	**465,6**	**225,3**	**240,3**

Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu stofnunarinnar jókst eignarhlutur ríkisins í Landsbankanum úr 81,3% í 97,9% eftir útgáfu skilyrta skuldabréfs bankans til LBI, sem átti sér stað 11. apríl 2013. Er viðbúið að bókfært virði eignarhlutar ríkissjóðs í bankanum verði hækkað í ríkisreikningi ársins 2013 til að endurspegla aukninguna. (Ef miðað er við eigið fé bankans í árslok 2012, nemur 16,6% viðbótarhlutur ríkissjóðs um 37,4 ma.kr. af eigin fé hluthafa bankans, en 24,9 ma.kr. ef miðað er við upphaflegt fjárframlag.) Eftir aukninguna er því hlutur ríkissjóðs í bankanum stærsta eign hans, óháð bókfærsluaðferð, eins og sjá má á töflu 10.[10]

Tafla 10: Eignarhlutir ríkisins í helstu félögum í árslok 2013 (ma.kr.)[11]

Sameignar- og hlutafélag	Eignarhlutur ríkisins	Bókfært eigið fé eigenda félags	Hlutur ríkisins í bókfærðu eigin fé
Landsbankinn	97,9%	241,4	236,3
Landsvirkjun	99,9%	185,3	185,1
Rarik ohf.	100,0%	27,1	27,1
Arion banki	13,0%	140,1	18,2
Isavia ohf.	100,0%	14,9	14,9
Íslandsbanki	5,0%	166,0	8,3
Orkubú Vestfjarða hf.	100,0%	5,5	5,5
Eignarhaldsfélagið Farice ehf.	30,2%	7,5	2,3
Samtals		**787,8**	**497,7**

[10] Þess má geta að ársreikningur Landsvirkjunar er færður í bandaríkskum dölum og ársreikningur Eignarhaldsfélagsins Farice ehf. í evrum. Vegna styrkingar krónunnar á árinu 2013 lækkar því virði eigin fjár þessara félaga m.v. gengi gjaldmiðla á milli ársloka 2012 og 2013

[11] Heimild: Ársreikningar viðkomandi félaga fyrir árið 2013

Eiginfjárframlög ríkissjóðs til viðskiptabankanna, sem færð eru á upphaflegu kostnaðarverði í ríkisreikningi, voru fjármögnuð með útgáfu skuldabréfaflokksins RIKH 18 1009. Væri því ekki óeðlilegt að ætla að söluandvirði eignarhluta ríkissjóðs yrði nýtt til endurgreiðslu skulda. Í töflu 11 hér á eftir er gerður samanburður á hlut ríkisins í eigin fé hluthafa viðskiptabankanna, skuldum ríkisjóðs og vergri landsframleiðu (VLF) fyrir árin 2012 og 2013. Í árslok 2013 námu skuldir ríkissjóðs 1.451,6 ma.kr., eða 81,3% af VLF þess árs. Hlutur ríkissjóðs í eigin fé viðskiptabankanna nam hins vegar 14,7% af VLF á sama tíma. Er því ljóst að sala eignarhluta á innra virði getur stuðlað að töluverðri lækkun skulda ríkissjóðs.

Tafla 11: Skuldir og eignarhlutir ríkissjóðs í viðskiptabönkum (ma.kr.)[12]

	2013	**2012**
Fjárhæð í árslok		
Skuldir ríkissjóðs	1.451,6	1.509,0
Hlutur ríkissjóðs í eigin fé viðskiptabanka	262,8	206,8
Skuldir ríkissjóðs að frádregnum hlut í eigin fé viðskiptabanka	1.188,8	1.302,1
Verg landsframleiðsla ársins	1786,2	1699,4
Sem hlutfall af VLF		
Skuldir ríkissjóðs	81,3%	88,8%
Hlutur ríkissjóðs í eigin fé viðskiptabanka	14,7%	12,2%
Skuldir ríkissjóðs að frádregnum hlut í eigin fé viðskiptabanka	66,6%	76,6%

Hlutur íslenska ríkisins í eigin fé viðskiptabanka hefur aldrei verið jafnhár, hvorki að fjárhæð í lok hvers árs né m.v. VLF þess árs, eins og sést á mynd 2. Hlutur ríkisins í öllu hlutafé Búnaðarbanka Íslands hf., FBA hf. og Landsbanka Íslands hf. nam 3,7% af VLF árið 1997, áður en sala hlutafjár í bönkunum hófst. Frá því að ríkið eignaðist núverandi eignarhluti í Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankanum hefur hlutur ríkisins í eigin fé þeirra vaxið jafnt og þétt, eða úr 142,7 ma.kr. í árslok 2009 í 262,8 ma.kr. í árslok 2013. Sem hlutfall af VLF hefur hlutur í eigin fé einnig aukist úr 9,5% árið 2009 yfir í 14,7% árið 2013. Stærstu breytinguna á tímabilinu má rekja til yfirtöku ríkisins á hluta af eignarhlut LBI í Landsbankanum, sem átti sér stað 11. apríl 2013. (Þess má geta að þrátt fyrir að ríkissjóður hafi verið skráður sem eigandi alls hlutafjár í bönkunum í árslok 2008, hafði einungis lágmarks eiginfjárframlag verið veitt til bankanna af ríkinu.)

[12] Heimild: Lánasýsla ríkisins og ársreikningar viðskiptabankanna.

Mynd 2: Hlutur ríkissjóðs í hlutafé viðskiptabanka að fjárhæð (ma.kr.) og sem hlutfall af VLF



Alþjóðlegur samanburður

Eins og fram kom hér á undan, sem og í ársskýrslu Bankasýslunnar á síðasta ári, nemur hlutdeild ríkissjóðs í eigin fé hluthafa viðskiptabankanna þriggja háu hlutfalli af VLF. Í árslok 2012 nam hlutur ríkissjóðs 12,2% af VLF þess árs, en hafði hækkað í 14,7% af VLF ársins 2013 í lok þess árs. Í ársskýrslu síðasta árs var gerður ítarlegur samanburður á fjárframlögum breska, hollenska og íslenska ríkisins til viðskiptabanka frá árinu 2008 sem og hlut ríkissjóða þessara landa í hlutafé viðskiptabanka í samanburði við opinberar skuldir og verga landsframleiðslu (VLF).

Í ársskýrslunni nú gerum við ítarlegri greiningu á hlut ríkissjóða í hlutafé viðskiptabanka m.v. árslok 2013 í samanburði við annars vegar opinberar skuldir á sama tíma og hins vegar VLF ársins 2013 með því að líta til enn fleiri Evrópulanda, sem talin eru hafa lagt hvað hæstu fjármuni til björgunar á innlendum bönkum: Belgíu, Bretlands, Grikklands, Hollands og Írlands.[13] Þessi lönd eiga það einnig öll sameiginlegt að sérstök stofnun fer með eignarhluti viðkomandi ríkissjóðs fyrir hönd fjármálaráðherra, rétt eins og Bankasýsla ríkisins. Í Belgíu fer sérstakt eignarhalds- og fjárfestingarfélag ríkisins (SFPI-FPIM) með 100% eignarhlut ríkisins í Belfius Bank, en SFPI-FPIM var þegar starfandi er belgíska ríkið tók yfir innlenda starfsemi Dexia og stofnaði Belfius bankann. Í Bretlandi fer eins og áður segir UK Financial Investments (UKFI) með 32,7% eignarhlut ríkisins í Lloyds og 63,9% (80,2% að teknu tilliti til hlutabréfa í flokki B) í RBS. Í Grikklandi fer Hellenic Financial Stability Fund með eignarhlut gríska ríkisins í eftirtöldum bönkum: 81,7% í Alpha Bank, 95,2% í Eurobank, 84,4% í National Bank of Greece og 81,0%

[13] Önnur Evrópulönd þar sem ríkssjóðir eiga eignarhluti í bönkum má nefna Austurríki (Hypo Alpe Adria og Kommunal Kredit), Portúgal (Caixa Geral de Depósitos), Spán (Bankia, BMN, CatalunyaCaixa og NCG Banco) og Þýskaland (Commerzbank)

í Piraeus Bank. Í Hollandi fer NL Financial Investments (NLFI) með 100% eignarhlut hollenska ríkisins í ABN Amro og SNS REAAL. Á Írlandi fer Ireland Strategic Investment Fund, sem settur var á laggirnar á síðasta ári að tillögu írska fjármálaráðherrans til að taka yfir fjárfestingar National Pension Reserve Fund í bönkum landsins, með 99,8% eignarhlut írska ríkisins í Allied Irish Banks (AIB) og 14,1% eignarhlut í Bank of Ireland. Stærstu breytingar á eignarhlutum ríkissjóða í fyrrgreindum bönkum á milli ára voru þær að UKFI seldi 6,0% hlut í Lloyds á árinu 2013 og NLFI tók yfir eignarhlut hollenska ríkisins í SNS REAAL. Fyrrgreind eignaumsýslufélög fara einnig með eignarhluti viðkomandi ríkja í öðrum fjármálafyrirtækjum. Þannig fer UKFI með 100% eignarhlut breska ríkisins í UK Asset Resolution (UKAR), sem samanstendur af fasteignaútlánasafni Northern Rock og Bradford & Bingley, og NLFI með 100% eignarhlut hollenska ríkisins í ASR Netherlands, sem er tryggingarfélag, og í SNS Property Finance, sem er með svipaða starfsemi og UKAR og var yfirtekið samhliða yfirtöku ríkisins á SNS REAAL.

Eins og sjá má á mynd 3 er hlutur íslenska ríkisins í hlutafé viðskiptabanka stærri en sambærilegra Evrópulanda, bæði ef miðað er við hlutfall af opinberum skuldum og hlutfall af VLF. Sem hlutfall af opinberum skuldum nam hlutur ríkisins 16,4% í árslok, eða meiri en tvöfalt hærri en hlutur gríska ríkisins, sem nam 7,2%. Hlutur annarra ríkissjóða sem hlutfall af opinberum skuldum var á bilinu 1,7% (Belgía) til 5,7% (Írland). Hlutur íslenska ríkisins í eigin fé sem hlutfall af VLF var einnig hæstur, eða 14,7%. Sams konar hlutfall hjá gríska ríkinu nam hins vegar 12,5%, en var á bilinu 1,7% (Belgía) til 7,1% (Írland) hjá öðrum ríkjum.

Mynd 3: Hlutur ríkissjóða í bókfærðu eigin fé viðskiptabanka í árslok 2013 sem hlutfall af opinberum skuldum og VLF ársins



Ein ástæða þess að hlutur íslenska ríkisins í viðskiptabönkum er svo hár er sú að eiginfjárhlutfall Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans mælt út frá eiginfjárþætti A (*Tier I*) er mun hærra en annarra banka í ríkiseigu sem fyrrgreindur samanburður nær til. Á mynd 4 hér á eftir má sjá á hvaða bili eiginfjárþáttur A liggur hjá fyrrgreindum bönkum. Á myndinni sést að sá banki á Íslandi sem er með lægsta hlutfall eiginfjárþáttar A heldur á mun hærra eigin fé heldur en sá banki í öðrum löndum með hæsta hlutfall af eiginfjárþætti A. Í árslok 2013 nam meðaltal hlutfalls eiginfjárþáttar A hjá íslensku bönkunum 23,8%, en 13,8% hjá evrópsku bönkunum í þessum samanburði, eða nákvæmlega tíu prósentustigum lægra. Lætur því nær að ef hlutfall eiginfjárþáttar A hjá íslensku bönkunum væri hið sama og meðaltal hinna evrópsku bankanna í árslok 2013, næmi hlutur ríkisins í eigin fé þeirra 9,5% sem hlutfall af opinberum skuldum (í stað 16,4%) og 8,5% (í stað 14,7%) sem hlutfall af VLF ársins 2013. Félli þá hlutur í eigin fé sem hlutfall af VLF niður fyrir Grikkland (12,5%), en væri hærra en á Írlandi (7,1%). Hlutur ríkisins væri skv. öllum öðrum mælikvörðum hærri, þrátt fyrir lægra eiginfjárhlutfall.

Mynd 4: Eiginfjárhlutfall banka í eigu ríkisins (eiginfjárþáttur A) í árslok 2013



Þróun á alþjóðlegum mörkuðum

Hlutabréfamarkaðir

Árið 2013 var almennt gott fyrir fjárfesta í hlutabréfum og skuldabréfum banka á alþjóðlegum mörkuðum. Á evrópskum mörkuðum hækkuðu hlutabréf í FTSEurofirst 300 vísitölunni, sem er vísitala 300 stærstu félaga á evrópskum mörkuðum skv. markaðsvirði, um 16,1% og hlutabréf í undirvísitölunni FTSEurofirst banka vístölunni um 18,1%, eins og sést á mynd 5. Með arðgreiðslum nam ársávöxtun hlutabréfa 19,8% í FTSEurofirst 300 vísitölunni, en 22,1% í FTSEurofirst banka vísitölunni, eins og sést á mynd 6. Þrátt fyrir að ávöxtun á hlutabréfum í bönkum hafi verið betri en á hlutabréfamarkaðnum í heild annað árið í röð, er enn nokkuð í land að hlutabréf í bönkum nái í sögulegu samhengi sambærilegu verðmati og markaðurinn í heild.

Mynd 5: Þróun á verði hlutabréfavísitalna í Evrópu[14]



[14] Heimild: Bloomberg

Mynd 6: Ávöxtun hlutabréfavísitalna í Evrópu[15]



Á bandarískum mörkuðum hækkuðu hlutabréf töluvert meira en á evrópskum mörkuðum, bæði þegar litið er til markaða almennt sem og markaða með hlutabréf banka. Á árinu hækkaði S&P500 vístalan um 29,1%, en Keefe, Bruyette & Woods (KBW) banka vísitalan um 35,1%. Með arðgreiðslum nam ársávöxtun hlutabréfa 32,0% í S&P 500 vísitölunni, en 37,4% í KBW banka vísitölunni. Vísitölustig KBW banka vísitölunnar í árslok 2013 var 69,3 og því hærra en fyrir hrun fjármálamarkaða haustið 2008.

Mynd 7: Þróun á verði hlutabréfavísitalna í Bandaríkjunum[16]



[15] Heimild: Bloomberg
[16] Heimild: Bloomberg

Mynd 8: Ávöxtun hlutabréfavísitalna í Bandaríkjunum[17]



Skuldabréfamarkaðir[18]

Á evrópskum skuldabréfamörkuðum, þ.e. mörkuðum með skuldabréf í evrum, lækkaði ávöxtunarkrafa á skuldabréfum banka einnig. Lækkaði krafan á bæði almenn skuldabréf (*senior unsecured bonds*) og víkjandi skuldabréf sem teljast til eiginfjárþáttar B (*lower tier II bonds*). Á almennum skuldabréfum lækkaði ávöxtunarkrafan umfram ríkisskuldabréf úr 119 punktum í árslok 2012 niður í 100 punkta í árslok 2013, og á víkjandi skuldabréfum úr 247 punktum í 203 punkta, eins og sjá má á mynd 9. Er lækkun á ávöxtunarkröfu á víkjandi skuldabréfum umfram almenn skuldabréf einnig jákvæð vísbending. Ávöxtun á skuldabréfum hélt áfram að vera jákvæð annað árið í röð, bæði í heild sem og umfram ríkisskuldabréf, eins og sjá má á mynd 10.

[17] Heimild: Bloomberg

[18] Þar sem skuldabréfamarkaðir miðast við mynt undirliggjandi skuldabréfa, er rétt að taka fram að vísan í evrópska markaði er í markaði með skuldabréf í evrum og að vísan í bandaríska markaði er í markaði í bandarískum dölum. Aðgreiningin er mikilvæg þar sem einnig eru stórir markaðir með skuldabréf í sterlingspundum í Evrópu og einnig er mikið um að félög utan evrusvæðisins eða Evrópu gefi út skuldabréf í evrum sem og félög utan Bandaríkjanna gefi út skuldabréf í dölum

Mynd 9: Ávöxtunarkrafa á skuldabréfum banka í evrum og í fjárfestingarflokki[19]



Mynd 10: Ávöxtun á skuldabréfum banka í evrum og í fjárfestingarflokki[20]



[19] Ávöxtunarkrafa á skuldabréf í evrum með lánshæfismat í fjárfestingarflokki, þ.m.t. almenn skuldabréf, víkjandi skuldabréf, sem teljast til eiginfjárþáttar B, og víkjandi skuldabréf, sem teljast til eiginfjárþáttar A. Heimild: Bloomberg, Bank of America Merrill Lynch

[20] Heimild: Bloomberg, Bank of America Merrill Lynch

Mynd 11: Ávöxtunarkrafa á skuldabréfum banka í evrum og fjárfestingarflokki umfram ríkisskuldabréf[21]



Á bandarískum skuldabréfamörkuðum lækkaði ávöxtunarkrafa á skuldabréfum banka einnig á árinu 2013. Á milli ára lækkaði ávöxtunarkrafan um 23 punkta, en 44 punkta ef miðað er við lánsfjárálag, eða ávöxtunarkröfu umfram ávöxtunarkröfu á ríkisskuldabréfum. Ávöxtun á skuldabréfum banka nam 1,4% á árinu, en 3,8% umfram ríkisskuldabréf, þar sem enn meiri lækkun átti sér stað á milli ára á lánsfjárálagi en ávöxtunarkröfu.

Mynd 12: Ávöxtunarkrafa á skuldabréfum banka í dölum og fjárfestingarflokki[22]

[21] Heimild: Bloomberg, Bank of America Merrill Lynch
[22] Heimild: Bloomberg, Bank of America Merrill Lynch

Mynd 13: Ávöxtun á skuldabréfum banka í dölum og fjárfestingarflokki[23]



Þróun á innlendum mörkuðum

Hlutabréfamarkaður

Þegar Bankasýsla ríkisins tók til starfa í upphafi árs 2010 var innlendur hlutabréfamarkaður vanmáttugur, en meðalvelta með félög í Heildarvísitölu hlutabréfamarkaðar var undir 100 m.kr. á dag og fá félög á markaði. Síðan þá hefur mikil breyting orðið á og níu félög verið nýskráð á hlutabréfamarkað. Fyrsta nýja félagið var Hagar og fylgdu þrjú félög svo í kjölfarið árið 2012. Velta á hlutabréfamarkaði glæddist einnig lítillega og var um 200 m.kr. á dag að meðaltali árið 2012. Velta á markaði tók þó ekki verulega við sér fyrr en árið 2013 er veltan var tæplega 1.000 m.kr. Árið 2013 komu þrjú félög á markað og hafa tvö félög bæst í hópinn á árinu 2014. Heildarvísitala hlutabréfaverðs hækkaði einnig mikið árið 2013 eða um 27,5%. Vísitalan lækkaði hins vegar um 2,8% á fyrstu fjóru mánuðum ársins 2014.

[23] Heimild: Bloomberg, Bank of America Merrill Lynch

Mynd 14: Velta á hlutabréfamarkaði og þróun heildarvísitölu hlutabréfamarkaðar 2010 til 2014



Ólíkt hlutabréfamarkaði hélt skuldabréfamarkaður velli í bankahruninu og framan af ári 2010 var markaðurinn mjög líflegur og lækkaði ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa mjög skart, bæði óverðtryggðra og verðtryggðra líkt og sjá má á mynd 15. Ríkisskuldabréfavísitala Gamma hækkaði mikið á þessum tíma, eða frá byrjun árs 2010 fram í miðjan september 2010, og hækkaði um 20,0%. Heldur dró úr verðhækkunum árin á eftir þ.e. 2011 og 2012 og hækkaði ávöxtunarkrafa óverðtryggðra skuldabréfa nokkuð er verðbólga jókst. Síðastliðna 12 mánuði hefur óverðtryggða krafan sveiflast á þröngu bili í kringum 6,0% og verðtryggða í kringum 3,0%.

Mynd 15: Þróun ávöxtunarkröfu verðtryggðra og óverðtryggðra skuldabréfa 2010 til 2014



Rekstur viðskiptabankanna 2013

Hagnaður viðskiptabankanna þriggja árið 2013 á samstæðugrunni nam 64,5 ma.kr. eftir skatt og lækkaði lítillega frá fyrra ári er hagnaður viðskiptabankanna nam 66,0 ma.kr. Hagnaður og arðsemi viðskiptabankanna náði hámarki árið 2010 er hagnaðurinn nam 69,0 ma.kr. og samanlögð arðsemi nam 18,5%. Samanlögð arðsemi viðskiptabankanna árið 2013 nam 12,3%. Líkt og hagnaðartölur hér að framan gefa til kynna útskýrist lægri arðsemi aðeins að hluta til vegna samdráttar í hagnaði en mikil aukning eiginfjár ræður þar meira um. Samanlagt eigið fé viðskiptabankanna í lok árs 2013 nam 547,5 ma.kr. en nam í lok árs 2009 336,6 ma.kr. og hafði því aukist um rúmlega 210,9 ma.kr. á fjórum árum. Hagnaður Arion banka nam 12,7 ma.kr. árið 2013 og arðsemi 9,5%, Íslandsbanka 23,1 ma.kr. og arðsemi 14,8% og hagnaður Landsbankans 28,8 ma.kr. og arðsemi 12,3%.

Tafla 12: Rekstrarafkoma viðskiptabankanna 2009 til 2013 (fjárhæðir í m.kr.)

	Arion banki	Íslandsbanki	Landsbankinn
Hagnaður			
2009	12.871	23.982	14.322
2010	12.354	29.369	27.231
2011	11.094	1.866	16.957
2012	17.056	23.418	25.494
2013	12.657	23.069	28.759
Arðsemi[24]			
2009	16,7%	30,0%	10,0%
2010	13,4%	28,5%	15,9%
2011	10,5%	1,5%	8,8%
2012	14,4%	17,4%	12,0%
2013	9,5%	14,8%	12,3%

Samdráttur í hagnaði bankanna frá árinu 2012 útskýrist af samdrætti í vaxtatekjum en hreinar vaxtatekjur drógust saman um 7,4 ma.kr. milli ára. Framangreindur samdráttur í vaxtatekjum var að einhverju leyti fyrirsjáanlegur en hluti vaxtatekna reiknaður með aðferð virkra vaxta fer alltaf lækkandi. Á móti fyrirséðum samdrætti í vaxtatekjum juku bankarnir þjónustutekjur um 2,3 ma.kr. Fjármuna- eða fjárfestingartekjur bankanna voru einnig í hærra lagi eða 18,6 ma.kr. samanborið við 11,1 ma.kr. árið 2012 en hámarki náðu fjármunatekjur árið 2011, 21,6 ma.kr. Bókfærður kostnaður jókst um 4,4 ma.kr. en dróst í raun saman um 0,3 ma.kr. ef tekið er tillit til afhendingu hlutabréfa til starfsmanna Landsbankans, sem nam 4,7 ma.kr.

[24] Útreikningar miðast við eigið fé hluthafa í upphafi og lok hvers árs

Skattar og virðisbreyting stærstu áhrifavaldar í afkomu milli ára

Þyngst vægi höfðu óreglulegir liðir og skattar er kemur að því að útskýra breytingu á afkomu milli ára líkt og sjá má á mynd 16. Auknar tekjur af virðisbreytingu útlána og gjaldeyrissveiflum námu 19,7 ma.kr. Greiddur tekju- og bankaskattur jókst um 12,6 ma.kr. milli ára og höfðu samsvarandi neikvæð áhrif á afkomuna. Tekjur af aflagðri starfsemi og hlutdeildarfélögum drógust saman um 5,7 ma.kr. Aðrar tekjur drógust einnig lítillega saman.

Mynd 16: Áhrifaþættir á afkomu bókhaldslegs rekstrar milli áranna 2012 og 2013 (ma.kr.)



Sveiflur vegna virðisbreytinga útlána svo og aðrir óreglulegir liðir, eins og þeir sem varða lögmæti gengistryggðra lána, hafa litað uppgjör viðskiptabankanna frá stofnun þeirra. Bankasýsla ríkisins hefur því frá upphafi kosið að horfa meira á grunnrekstur, eða reglulegan og kjarnarekstur.

Í lok árs 2013 var óvissa um gæði útlánasafns bankanna að mestu horfin og var endurskipulagningu lánasafna að mestu lokið. Hlutfall vanskilalána af útlánasafni bankanna var 7,2% í lok árs 2013 en var 17,6% í lok árs 2010. Alvarleg vanskil (eða til 90 daga eða lengri tíma) námu 3,2% af útlánasafni bankanna árið 2013 en stóð í 13,2% í árslok 2010.

Árið 2013 voru reglulegar tekjur (hreinar vaxta- og þjónustutekjur) 67,0% heildartekna viðskiptabankanna og fjármunatekjur 11,0% heildartekna. Hlutfall óreglulegra liða af tekjum var því 22,0% eða óvenjulega hátt. Á árunum 2009 til 2012 var vægi reglulegra tekna 68,0% til 81,0% og fjármunatekna 6,0% til 8,0%, og vægi óreglulegra tekna því oftast lægra en nú. Undantekning var þó árið 2011 er óreglulegir liðir höfðu neikvæð áhrif á afkomu bankanna og reglulegar tekjur voru hærri en heildartekjur. Að hluta til á aukið vægi óreglulegra tekna sér eðlilega skýringu. Fram til ársins 2013 rann virðisaukning útlána Landsbankans að langmestum hluta til LBI (eða „gamla bankans“) í formi

virðisaukningar skilyrta skuldabréfsins. Þannig var engin neikvæð færsla á móti virðisaukningu útlánasafns Landsbankans árið 2013. Virðisaukning útlána Landsbankans ársins 2013 rennur því óskert til hluthafa.

Áður en áfram er haldið verður farið yfir þá mælikvarða sem Bankasýsla ríkisins hefur notað síðustu ár til að meta árangur viðskiptabankanna. Mælikvarðarnir í töflu 13 lýsa betur rekstrarhæfi til framtíðar og auðvelda samanburð á rekstrarafkomu milli ára, þar sem einskiptis- og óreglulegir liðir eru ekki taldir með við mælingu á rekstrarárangri. Mælikvarðarnir eru eftirfarandi:

Tafla 13: Skilgreiningar Bankasýslunnar á reglulegum rekstri og kjarnarekstri banka

Hugtak	Skilgreining
Reglulegur rekstur	Reglulegur rekstur (reglulegar tekjur – reglulegur kostnaður). Reglulegar tekjur eru hreinar vaxtatekjur og hreinar þjónustutekjur. Reglulegur kostnaður er laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður, gjöld í TIF og afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.
Kjarnarekstur	Reglulegur rekstur auk fjármunatekna. Til fjármunatekna telst hagnaður eða tap af veltufjáreignum og hagnaður eða tap af fjáreignum tilgreindum á gangvirði.

Skilgreiningarnar eru ekki gallalausir og takmarkast við opinberar tölur úr ársreikningum innlánsstofnana. Uppgjörsaðferðir bankanna eru mismunandi og munar þar mestu um vaxta með aðferð virkra vaxta við skráningu vaxtatekna en upplýsingar þar um eru því miður takmarkaðar. Einnig er uppbygging efnahagsreikninga viðskiptabankanna ólík t.d. m.t.t. gjaldeyris- og skuldasamsetningar. Auk þess sem áherslumunur, en ekki eðlismunur er í rekstri viðskiptabankanna t.d. varðandi áhrif dótturfélaga á uppgjör samstæðu.

Í þessu samhengi er rétt að benda á að stór hluti eigna Landsbankans er bundinn í ríkisskuldabréfum með lágum vöxtum, en eiginfjárframlag ríkisins til bankans var í formi skuldabréfs. Tekjur vegna skuldabréfsins eru bæði færðar sem vaxtatekjur, sem flokkast til reglulegs rekstrar, og sem fjármunatekjur, sem flokkast ekki til reglulegs rekstrar, heldur kjarnarekstrar. Framangreint dæmi sýnir því e.t.v. best hversu snúinn og margslunginn samanburður á afkomu og rekstrarárangri innlánsstofnana getur verið. Aðrar rekstrartekjur eru töluverður hluti rekstrarafkomu Arion banka árið 2013 eða 5,7 ma.kr., en aðallega er um að ræða leigutekjur og hækkun á virði fasteigna og iðgjöld af tryggingarstarfsemi. Framangreindar tekjur eru hvorki hluti af reglulegum rekstri né kjarnarekstri.

Einnig flækir málin nokkuð að Valitor og Borgun eru hluti af rekstrarsamstæðu Arion banka og Íslandsbanka, en framangreind fyrirtæki leggja fram töluverðar þjónustutekjur. Hallar því verulega á hlut Landsbankans í samanburði þjónustutekna. Hins vegar hallar á Arion banka og Íslandsbanka þegar

horft er til kostnaðarhlutfalls, þ.e. kostnaður sem hlutfalli af eignum. Uppbygging og eðli kortafyrirtækja er nokkuð ólík hefðbundnum viðskiptabankarekstri þar sem litlar eignir standa á bak við reksturinn, en háar þjónustutekjur, öfugt við bankarekstur.

Umdeilanlegt er hver sé grunnrekstur banka og má jafnvel rökstyðja að skilgreiningarnar séu of þröngar og jafnvel ósanngjarnar. Þannig hentar mæling á afkomu af kjarnarekstri betur fyrir banka sem reisa afkomu sína að töluverðum hluta á fjárfestingarbankastarfsemi og ráðstafað hafa verulegum hluta eigna sinna í starfsemi þar að lútandi. Hins vegar eru vaxta- og þjónustutekjur hvað stöðugastar og ekki jafn næmar fyrir sveiflum á markaði líkt og fjármunatekjur. Því má draga þá ályktun að banki, sem hefur háa arðsemi af reglulegum rekstri, hafi stöðugan og öruggan tekjugrunn. Lítill munur ætti að vera á milli reglulegs rekstrar og kjarnarekstrar hjá bönkum, sem einbeita sér að hefðbundnum bankarekstri.

Í greiningunni sem hér fer á eftir er notast við framangreindar skilgreiningar á rekstri, auk eftirfarandi kennitalna sem hafa verið skilgreindar í töflu 14.

Tafla 14: Kennitölur í rekstri

Rekstrar- og afkomuhugtak	Skilgreining
Arðsemi reglulegs rekstrar:	(Reglulegar tekjur – Reglulegur kostnaður)/Meðalstaða eigin fjár
Arðsemi kjarnarekstrar:	(Reglulegar tekjur + fjármunatekjur – Reglulegur kostnaður)/Meðalstaða eigin fjár
Hlutfall innlána af útlánum:	Innlán viðskiptavina/Útlán viðskiptavina
Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar:	Reglulegur kostnaður/Reglulegar tekjur
Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar:	Reglulegur kostnaður/(Reglulegar tekjur + fjármunatekjur)
Kostnaður sem hlutfall af heildareignum:	Reglulegur kostnaður/Meðalstaða eigna
Meðalstaða eigin fjár:	Meðaltal eigin fjár í upphafi og lok árs
Meðalstaða eigna:	Meðaltal eigna í upphafi og lok árs
Vaxtamunur:	Hreinar vaxtatekjur/Meðalstaða eigna

Minni sveiflur í grunnrekstri en bókhaldslegri afkomu

Hagnaður af grunnrekstri eða reglulegum rekstri dróst nokkuð meira saman milli ára en hagnaður af bókhaldslegum rekstri. Hagnaður viðskiptabankanna af reglulegum rekstri nam 31,2 ma.kr. árið 2013 en 35,6 ma.kr. árið 2012 og dróst því saman um 4,4 ma.kr. milli ára. Lakari afkoma reglulegs rekstrar árið 2013 en 2012 útskýrist af megninu til af samdrætti í vaxtatekjum. Árið 2013 var eitt lakasta ár reglulegs rekstrar viðskiptabankanna og hefur reglulegi reksturinn aðeins verið lakari árið 2009 er hann nam 24,3 ma.kr. Árin þrjú á undan, eða 2010 til 2012, var hagnaður af reglulegum rekstri í kringum 35 ma.kr. og stigvaxandi. Á mynd 17 hér á eftir má sjá hagnað og arðsemi viðskiptabankanna af

reglulegum rekstri. Sjá má að arðsemi reglulegs rekstrar hefur legið á bilinu 6,0% til 9,3% síðastliðin 5 ár.

Mynd 17: Hagnaður og arðsemi reglulegs rekstrar



Að meðaltali var arðsemi af reglulegum rekstri 6,0% árið 2013. Arðsemi reglulegs rekstrar var 5,8% hjá Arion banka, 5,9% hjá Landsbankanum og 6,3% hjá Íslandsbanka. Þegar að söguleg arðsemi viðskiptabankanna er skoðuð, sem og innbyrðis arðsemi þeirra á milli, verður að taka tillit til þess að eigið fé viðskiptabankanna hefur hækkað mikið frá lokum árs 2009 og er misjafnt milli banka. (Á móti kemur að hærra eigið fé ætti að gera bönkunum kleift að halda á útlánum með hærra áhættuvægi og hærri vaxtatekjur.) Eiginfjárhlutfall Íslandsbanka var hæst í árslok 2013 eða 28,4%, Landsbankans 26,7% en Arion banka lægst eða 23,6%. Eiginfjárhlutfall bankanna er hátt í alþjóðlegum samanburði. Í lok árs 2009 lágu eiginfjárhlutföll bankanna á bilinu 13,7% til 19,8% og hafa því hækkað um nærri tíu prósentustig. Þróun arðsemi reglulegs rekstrar einstakra banka má sjá á mynd 18 hér á eftir.

Mynd 18: Arðsemi reglulegs rekstrar



Reglulegur rekstur er aðeins einn mælikvarði á rekstrarárangur. Annar mælikvarði er kjarnarekstur. Á mynd 19 má sjá hagnað af kjarnarekstri. Sjá má á myndinni að nokkuð meiri sveiflur eru í hagnaði af kjarnarekstri en reglulegum rekstri. Einnig hefur hagnaður af kjarnarekstri viðskiptabankanna verið að meðaltali 43,3 ma.kr. á meðan hagnaður af reglulegum rekstri hefur verið 32,2 ma.kr. Einnig má sjá af mynd 19 að hagnaður af kjarnarekstri var ágætur árið 2013, yfir meðaltali og 1,6 ma.kr. hærri en árið 2012. Það fæst því mismunandi niðurstaða eftir því hvort litið er á fjármunatekjur sem hluta af grunnrekstri eða ekki. Ef tekið er tillit til fjármunatekna í grunnrekstri var árið 2013 næstbesta rekstrarár viðskiptabankanna.

Mynd 19: Hagnaður og arðsemi kjarnarekstrar viðskiptabankanna



Að meðaltali var arðsemi kjarnarekstrar 8,8% árið 2013. Arðsemi af kjarnarekstri var misjöfn milli bankanna og var munurinn nokkuð meiri en af reglulegum rekstri þar sem mismunur milli bankanna var innan við hálft prósent. Hæst var arðsemi af kjarnarekstri hjá Landsbankanum, eða 9,5%, arðsemi kjarnarekstrar hjá Íslandsbanka nam 8,7% og 7,8% hjá Arion banka. Á mynd 20 hér á eftir má sjá þróun kjarnarekstrar fyrir einstaka banka.

Mynd 20: Arðsemi kjarnarekstrar 2009 til 2013



Rekstrarreikningur viðskiptabankanna

Samdráttur í vaxtatekjum

Vaxtatekjur eru stærsti tekjuliður bankanna og hafa breytingar í vaxtaumhverfi því mikil áhrif á afkomu bankanna. Hreinar vaxtatekjur bankanna námu samtals 86,5 ma.kr. árið 2013 og drógust saman um 7,5 ma.kr. milli ára en þær námu 94,0 ma.kr. árið 2013, eins og sjá má í töflu 15. Tveir meginþættir virðast hafa mest áhrif á samdráttinn en hlutdeild vaxtatekna með aðferð virkra vaxta fer sífellt lækkandi og er hlutfall vaxtatekna metið á þennan hátt orðið mjög lágt. Einnig ræður einhverju að hækkun vísitölu til verðtryggingar var minni árið 2013 en árið 2012 og hækkaði hún um 3,6% árið 2013 til samanburðar við 4,2% árið 2012. Þrátt fyrir að hreinar vaxtatekjur séu 7,5 ma.kr. lægri árið 2013 en árið 2012 eru þær svipaðar og árið 2011 og yfir meðal vaxtatekjum sem eru 81,2 ma.kr. á ári.

Tafla 15: Hreinar vaxtatekjur viðskiptabankanna (m.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Arion banki	23.800	27.142	23.388	19.785	12.188
Íslandsbanki	28.430	31.235	31.225	34.874	31.984
Landsbankinn	34.314	35.584	32.649	24.685	14.574
Samtals	**86.544**	**93.961**	**87.262**	**79.344**	**58.746**

Samdráttur var í vaxtamun bankanna upp á 0,3% en stærð efnahagsreiknings viðskiptabankanna óx lítillega að nafnvirði. Á mynd 21 má sjá að meðalvaxtamunur bankanna hefur farið úr 2,4% árið 2009 í 3,0% árið 2013 og náði hámarki 2012 í 3,3%. Sjá má að stærð viðskiptabankanna hefur einnig farið úr rúmlega 2.500 ma.kr. í lok árs 2009 í tæplega 3.000 ma.kr. í lok árs 2013. Þrátt fyrir framangreindan vöxt sem nemur 16,6% að nafnvirði er hann enginn að raunvirði og hefur efnahagsreikningur viðskiptabankanna staðið í stað að raunvirði síðastliðin fimm ár.

Mynd 21: Vaxtamunur viðskiptabankanna



Á mynd 22 má sjá vaxtamun einstakra viðskiptabanka eftir árum. Á myndinni má sjá að á tímabilinu 2009 til 2012 hækkaði vaxtamunur bæði Arion banka og Landsbankans. Á framangreindu tímabili átti sér stað mikil endurskipulagning útlánasafna bankanna og lækkaði vanskilahlutfall lána hratt. Hreinar vaxtatekjur Arion banka og Landsbankans hækkuðu verulega á tímabilinu. Á meðan vaxtamunur Arion banka og Landsbankans jókst, lækkaði vaxtamunur Íslandsbanka. Á síðasta ári snerist þróunin svo við og vaxtamunur lækkaði milli ára þar sem umhverfið var ekki jafn hagstætt og hlutfall vaxtatekna með aðferð virkra vaxta var orðið lægra. Vaxtamunur lækkaði einnig vegna verðbólguþróunar á milli ára.

Mynd 22: Vaxtamunur viðskiptabankanna



Vöxtur í þjónustutekjum

Hreinar þjónustutekjur viðskiptabankanna jukust um 2,3 ma.kr. eða 9,3% á milli 2012 og 2013. Þjónustutekjur allra viðskiptabankanna hækkuðu, en þjónustutekjur Íslandsbanka og Landsbankans hækkuðu um 0,9 ma.kr. og Arion banka um 0,5 ma.kr. Hlutfallsleg aukning er mest hjá Landsbankanum eða 19,0% en lægst hjá Arion 4,4% eða rétt yfir hækkun vísitölu til verðtryggingar. Eins og sjá má í töflu 16 eru þjónustutekjur Landsbankans langsamlega lægstar og um helmingur þjónustutekna Íslandsbanka sem kemur næst. Ástæðu mun lægri þjónustutekna Landsbankans má að stórum hluta rekja til þess að kortafyrirtækin Valitor og Borgun eru hluti af samstæðu Arion banka og Íslandsbanka. Hins vegar er ekkert kortafyrirtæki hluti af samstæðu Landsbankans. Hlutfall þjónustutekna hefur verið fremur lágt hlutfall heildartekna, sérstaklega ef horft er til erlendra viðskiptabanka. Slíkur samanburður getur þó verið varasamur og verður að horfa til þess að hlutfall óreglulegra liða líkt og virðisaukningar er hátt hlutfall heildartekna hjá íslenskum viðskiptabönkum. Hlutfall þjónustutekna af reglulegum tekjum var 23,7% árið 2013 og hefur aldrei verið hærra en hlutfallið hefur að meðaltali verið 21,0% hjá viðskiptabönkunum.

Tafla 16: Hreinar þjónustutekjur viðskiptabankanna (m.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Arion banki	11.226	10.748	10.685	6.866	5.862
Íslandsbanki	10.433	9.459	5.966	7.380	7.061
Landsbankinn	5.291	4.448	4.423	3.582	4.213
Samtals	**26.947**	**24.655**	**21.074**	**17.828**	**17.136**

Mynd 23: Þjónustutekjur sem hlutfall af reglulegum tekjum



Fjármunatekjur og aðrar tekjur

Fjármunatekjur viðskiptabankanna voru í hærra lagi árið 2013 eða 18,6 ma.kr. sem er töluvert yfir meðaltali fjármunatekna sem er 13,1 ma.kr. Til fjármunatekna telst hagnaður (tap) af fjáreignum tilgreindum á gangvirði og hagnaður (tap) af veltufjáreignum og – skuldum. Fjármunatekjur hafa verið áberandi hæstar hjá Landsbankanum á meðal viðskiptabankanna. Fjármunatekjur Landsbankans námu 10,6 ma.kr. árið 2013 og voru 56,7% af heildar fjármunatekjum viðskiptabankanna. Eignir Landsbankans í fjármunum á markaðsvirði og gangvirði eru jafnframt hæstar eða 215,0 ma.kr. Fjármunatekjur Íslandsbanka numu 4,6 ma.kr. og fjármunaeignir á bak við tekjurnar um 84,4 ma.kr. Fjármunatekjur Arion banka voru lægstar eða 3,4 ma.kr. en fjármunaeignir bankans nema 79,6 ma.kr.

Aðrar tekjur viðskiptabankanna námu 8,4 ma.kr. árið 2013. Langstærstur hluti annarra rekstrartekna er í Arion banka eða um 5,7 ma.kr. og er aðallega um að ræða leigutekjur og endurmat á virði fasteigna og iðgjöld af líftryggingarstarfsemi.

Tafla 17: Fjármunatekjur viðskiptabankanna (m.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Hagnaður (tap) af fjáreignum tilgreindum á gangvirði					
Arion banki[25]	2.920	856	1.470	(2.567)	398
Íslandsbanki	3.721	1.814	3.136	(898)	143
Landsbankinn	8.460	5.703	17.459	6.359	4.020
Samtals	**15.101**	**8.373**	**22.065**	**2.894**	**4.561**
Hagnaður (tap) af veltufjáreignum og –skuldum					
Arion banki	521	(298)	(959)	(531)	1.240
Íslandsbanki	891	841	(429)	(12)	142
Landsbankinn	2.092	2.169	1.009	2.536	3.062
Samtals	**3.504**	**2.712**	**(379)**	**1.993**	**4.444**
Samtals fjármunatekjur	**18.605**	**11.085**	**21.686**	**4.887**	**9.005**

Óreglulegir liðir, sértækir liðir og einskiptisliðir

Áhrif óreglulegra liða, þ.e. virðisbreytinga og gjaldeyrissveiflna, á rekstrarreikning viðskiptabankanna nam 25,6 ma.kr. árið 2013 en nam 5,9 ma.kr. árið 2012. Sjá má á mynd 24 að sveiflur í óreglulegum liðum hefur áhrif á afkomu viðskiptabankanna sem nemur tugum milljarða milli ára. Að hluta má útskýra mun á áhrifum óreglulegra liða vegna þess að árið 2012 var 27,3 ma.kr. mótfærsla vegna virðisaukningar upp á 37,3 ma.kr. hjá Landsbankanum, sem rann til LBI í formi virðisaukningar skuldabréfs sem nýi Landsbankinn loks gaf út 11. apríl 2013. Virðisbreytingar á útlánasöfnum höfðu jákvæð áhrif á afkomu Íslandsbanka, sem nam 16,3 ma.kr., og 11,7 ma.kr. á afkomu Landsbankans. Virðisbreytingar höfðu hins vegar neikvæð áhrif á afkomu Arion banka upp á 0,7 ma.kr.

[25] Árið 2010 er niðurfærsla Arion banka á skuldabréfi Dróma fyrir 3,5 ma.kr.

Mynd 24: Áhrif óreglulegra, sértækra og einskiptisliða á afkomu viðskiptabankanna (ma.kr.)



Samanlögð áhrif óreglulegra liða voru mest á afkomu Landsbankans eða 14,2 ma.kr. en 13,9 ma.kr. á afkomu Íslandsbanka. Áhrif á afkomu Arion banka voru neikvæð um 2,5 ma.kr.

Tafla 18: Hrein virðisbreyting bankanna, afkoma hlutdeildarfélaga og óreglulegir liðir (m.kr.)

	Arion banki	**Íslandsbanki**	**Landsbankinn**
Virðisaukning útlána og krafna	9.099	18.239	19.440
Virðisrýrnun útlána og krafna	(9.799)	(1.940)	(7.706)
Hrein virðisbreyting	**(700)**	**16.299**	**11.734**
Virðisbreyting skilyrtrs skuldabréfs	-	-	1.319
Leiðrétting vegna gjaldeyrishagnaðar(-taps)	(1.766)	(2.423)	1.147
Samtals	**(2.466)**	**13.876**	**14.200**

Gjaldeyrisstaða og áhrif gjaldeyrissveiflna

Sveiflur í gengi gjaldeyris höfðu neikvæð áhrif á afkomu viðskiptabankanna sem nam 3,0 ma.kr. árið 2013. Gengisvísitala krónunnar styrktist um 10% gagnvart erlendum gjaldmiðlum árið 2013 en erlendar eignir voru talsvert umfram erlendar skuldir hjá Arion banka og Íslandsbanka í lok árs 2012 og hafði því styrkingin neikvæð áhrif á afkomu bankanna. Hrein gjaldeyrisstaða Arion banka nam 18,2 ma.kr. í lok árs 2012 og hafði gengisstyrkingin neikvæð áhrif á afkomuna sem nam 1,8 ma.kr. Gjaldeyrisstaða Íslandsbanka var 27,9 ma.kr. og námu neikvæð áhrif á afkomuna 2,4 ma.kr. Í tilfelli Landsbankans var gjaldeyrisstaðan hins vegar neikvæð um 20,0 ma.kr., þ.e. erlendar skuldir voru umfram erlendar eignir, þannig hafði gengisstyrkingin jákvæð áhrif á afkomuna sem nam 1,1 ma.kr. Eins og sjá má í töflu 19 var hrein gjaldeyrisstaða allra viðskiptabankanna jákvæð í árslok 2013

Tafla 19: Gjaldeyrisstaða viðskiptabankanna (m.kr.)

	Arion banki		Íslandsbanki		Landsbankinn	
	31.12.2012	*31.12.2013*	*31.12.2012*	*31.12.2013*	*31.12.2012*	*31.12.2013*
Erlendar eignir	226.663	233.838	181.632	175.025	351.586	400.403
Erlendar skuldir	(194.153)	(187.952)	(96.966)	(124.885)	(379.390)	(385.228)
Hrein staða í efnahagsreikningi	32.510	45.886	84.666	50.140	(27.804)	15.175
Hrein staða utan efnahagsreiknings	(14.347)	(14.236)	(56.808)	(26.412)	7.767	(718)
Hrein gjaldeyrisstaða	18.163	31.650	27.858	23.728	(20.037)	14.457

Gjöld

Rekstrarkostnaður viðskiptabankanna dróst saman á síðasta ári um 0,4% að nafnvirði eða 4,0% að raunvirði þegar að rekstrarkostnaður bankanna fór úr 74,8 ma.kr. árið 2012 í 74,5 ma.kr. árið 2013. Þetta er í fyrsta skipti frá stofnun nýju viðskiptabankanna sem samdráttur hefur verið í kostnaði viðskiptabankanna. Hafa verður í huga að í þessum samanburði er leiðrétt fyrir hlutafjárgreiðslum til starfsmanna Landsbankans upp á 4.691 m.kr. Hlutafjárgreiðslan kom frá LBI og var bókfærð sem tekjur í virðisaukningu en sem kostnaður í launagjöldum. Ef ekki er leiðrétt fyrir framangreindri færslu í kostnaði, eykst kostnaður um 4,4 ma.kr. milli ára.

Sjá má í töflu 20 stærstu útgjaldaliði viðskiptabankanna. Launakostnaður jókst milli ára að nafnvirði, en dróst saman að raunvirði. Launakostnaður jókst um 0,8 ma.kr. eða 2,0% að nafnvirði sem jafngildir 1,6% samdrætti að raunvirði. Annar stjórnunarkostnaður dróst saman um 0,2 ma.kr. eða innan við 0,1% að nafnvirði og 3,7% að raunvirði. Samanlagt jukust framangreindir kostnaðarliðir örlítið að nafnvirði. Hins vegar kom á móti samdráttur í öðrum kostnaði líkt og afskriftum rekstrarfjármuna og gjöldum í TIF sem leiddi til heildarsamdráttar í kostnaði viðskiptabankanna.

Tafla 20: Rekstrarkostnaður viðskiptabankanna (m.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Laun og launatengd gjöld					
Arion banki	13.537	12.459	11.254	9.272	8.073
Íslandsbanki	13.361	13.080	10.531	9.207	8.036
Landsbankinn	12.613[26]	13.176	11.990	9.331	8.468
Samtals	**39.511**	**38.715**	**33.775**	**27.810**	**24.577**
Annar stjórnunarkostnaður					
Arion banki	9.839	9.874	8.606	7.877	5.831
Íslandsbanki	12.190	11.509	9.339	8.659	7.499
Landsbankinn	8.005	8.878	8.467	6.632	5.384
Samtals	**30.034**	**30.261**	**26.412**	**23.168**	**18.714**

Þrátt fyrir að kostnaður dragist örlítið saman hjá viðskiptabönkunum versnar hið hefðbundna kostnaðarhlutfall á tekjugrunni, eins og sjá má á mynd 25, þar sem tekjur dragast meira saman en kostnaður. Þannig hækkar kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar hjá Arion banka úr 65,1% í 72,5% og hjá Íslandsbanka úr 63,0% í 68,4%. Hins vegar lækkaði hlutfallið hjá Landsbankanum úr 59,5% í 56,8% en samdráttur í kostnaði vóg að fullu upp samdrátt í tekjum Landsbankans og leiddi þ.a.l. til hagstæðara kostnaðarhlutfalls.

Mynd 25: Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar



Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar horfir bæði á tekjur og kostnað. Einnig er unnt að skoða kostnað sem hlutfall af meðalstöðu eigna en þá er aðeins horft á kostnað. Kostnaður, sem hlutfall af meðalstöðu

[26] Fjárhæð leiðrétt fyrir 4,7 ma.kr. hlutafjárgreiðslu til starfsmanna bankans

eigna, var 2,76% árið 2013 hjá Arion banka samanborið við 2,75% árið 2012, hjá Íslandsbanka 3,15% samanborið við 3,17% árið 2012, hjá Landsbankanum 2,01% samanborið við 2,15% árið 2012. Hér þarf að hafa í huga þann eðlismun sem er á Landsbankanum og hinum tveimur viðskiptabönkunum en kortafyrirtæki eru hluti af efnahagsreikningi Arion og Íslandsbanka. Kortafyrirtækin skapa framangreindum bönkum umtalsverðar þjónustutekjur og kostnað en mjög litlar eignir standa á bak við fyrirtækin. Í tilfelli Arion banka bætist einnig við í rekstrarkostnað 500 m.kr. sekt sem Samkeppniseftirlitið lagði á Valitor.

Mynd 26: Reglulegur kostnaðar sem hlutfall af meðalstöðu eigna



Efnahagsreikningur viðskiptabankanna

Viðskiptabankarnir hafa stækkað um 619,8 ma.kr. frá lokum árs 2008 og hefur samanlagður efnahagsreikningur viðskiptabankanna farið úr 2.336,6 ma.kr. árið 2008 í 2.956,4 ma.kr. í lok árs 2013. Vöxtur viðskiptabankanna nemur því 26,5% á fimm árum eða sem nemur 4,8% árlegum vexti. Hér er vert að hafa í huga að rætt er um nafnvöxt en að raunvirði hafa viðskiptabankarnir aðeins stækkað um 0,5% eða innan við 0,1% árlega. Þótt viðskiptabankarnir þrír hafi staðið í stað að raunvirði er ekki þar með sagt að bankakerfið eða innlánsstofnanir í heild sinni hafi gert það.

Árið 2011 varð SpKef hluti af Landsbankanum og jókst þá eignasafn bankans um 45,0 ma.kr. og útlán um 29,0 ma.kr. Sama ár tók Íslandsbanki yfir Byr og jukust eignir bankans um 113,0 ma.kr. og útlán um 82,0 ma.kr. Arion tók einnig yfir fasteignalánasafn Kaupþings upp á 110,0 ma.kr. í árslok 2011. Þannig hafa viðskiptabankarnir náð að standa í stað m.t.t. stærðar með því að sameinast öðrum fjármálastofnunum eða yfirtaka lánasöfn annarra fjármálastofnana. Ekki hefur því verið um innri vöxt um að ræða. Tafla 21 sýnir stærðarþróun viðskiptabankanna að raunvirði einstök ár og yfir tímabilið í

heild sinni. Í töflunni má glöggt sjá þann kipp sem verður í stærð viðskiptabankanna árið 2011 er þeir stækka um 4,1% að raunvirði. Allar stærðir dragast svo saman árið 2012 en svo verður örlítill kippur í stærð viðskiptabankanna árið 2013.

Tafla 21: Eignir viðskiptabankanna og vísitala til verðtryggingar (fjárhæðir í m.kr.)

Eignir	2008	2009	2010	2011	2012	2013	Yfir tímabilið
Arion banki	641.203	757.344	812.615	892.121	900.675	938.850	
Raunbreyting		*9,9%*	*4,7%*	*4,3%*	*-3,1%*	*0,1%*	*16,4%*
Íslandsbanki	658.003	717.342	683.222	795.915	823.375	866.009	
Raunbreyting		*1,4%*	*-7,0%*	*10,7%*	*-0,7%*	*1,0%*	*4,6%*
Landsbankinn	1.037.391	1.061.101	1.081.133	1.135.482	1.084.787	1.151.516	
Raunbreyting		*-4,9%*	*-0,6%*	*-0,2%*	*-8,3%*	*1,9%*	*-11,8%*
Samtals	2.336.597	2.535.787	2.576.970	2.823.518	2.808.837	2.956.375	
		0,9%	*-0,8%*	*4,1%*	*-4,5%*	*1,1%*	*0,5%*
Vísitala til verðtryggingar	1,00	1,08	1,10	1,16	1,21	1,26	

Nokkuð önnur mynd fæst þegar skoðuð er stærðarþróun allra innlánstofnana að raunvirði líkt og gert er á mynd 27. Til innlánsstofnana teljast auk viðskiptabankanna þriggja, MP banki og sparisjóðirnir. Stærð innlánsstofnana dróst samfellt saman fram til ársbyrjunar 2013 en jókst lítillega að raunvirði árið 2013. Að raunvirði hafa eignir innlánsstofnana dregist saman um 11,5% frá lokum árs 2009 eða frá þeim tíma sem að endurskipulagningu innlánsstofnana var að stærstum hluta lokið.

Mynd 27: Raunvísitala eigna innlánsstofnana[27]



Skuldir og eigið fé

Íslensku viðskiptabankarnir voru í lok árs 2013 fjármagnaðir af innlánum viðskiptavina og innlánsstofnana (58,6%), með eigin fé (19,5%) og með lántökum og öðrum skuldum (21,9%). Lítil breyting var á vægi einstakra liða í fjármögnun Arion banka og Íslandsbanka en sú helsta var að vægi eigin fjár jókst lítillega í fjármögnun þeirra. Nokkur útgáfa sértryggða skuldabréfa var hjá báðum bönkunum en fjárhæðir voru það lágar að þær höfðu óveruleg áhrif á samsetningu fjármögnunar. Hjá Landsbankanum urðu mestar breytingar en nokkuð dró úr vægi lántöku í fjármögnun bankans. Í árslok 2012 var tæplega þriðjungur efnahagsreiknings fjármagnaður með lántöku en um fjórðungur í lok árs 2013, en vægi innlána og eigin fjár jókst í fjármögnun bankans á móti samdrætti í lántöku. Ástæða lægra vægi lántöku í fjármögnun bankans lá í fyrirframgreiðslu inn á veðtryggt skuldabréf LBI sem nam 50,0 ma.kr. árið 2013.

[27] Heimild: Seðlabanki Íslands

Mynd 28: Fjármögnun viðskiptabankanna 31.12.2013



Eiginfjárhlutfall

Eiginfjárhlutfall Íslandsbanka og Landsbankans hækkaði á árinu 2013 þrátt fyrir að bankarnir báðir greiddu arð, Íslandsbanki sem nam 3.000 m.kr. og Landsbankinn sem nam 10.080 m.kr. Eiginfjárþáttur A hjá Íslandsbanka hækkaði úr 22,0% í 25,1% og Landsbankans úr 25,5% í 27,1%. Eiginfjárhlutfall Landsbankans er að öllu leyti samsett úr eiginfjárþætti A. Eiginfjárþáttur B, sem er í formi víkjandi láns frá ríkisjóði, er nokkur hluti af eiginfjárhlutfalli Arion banka og Íslandsbanka. Eiginfjárþáttur A hjá Arion banka hækkaði aðeins úr 19,1% í 19,2%. Megin ástæða framangreinds liggur í að gengið var frá uppgjöri Drómaskuldabréfs en í stað skuldabréfsins sem hafði ekkert vægi í áhættugrunni fékk bankinn afhent útlán að fjárhæð um 50 ma.kr. sem vega þungt í áhættugrunni. Eiginfjárþáttur A og B er hlutfall eiginfjárgrunns á móti áhættugrunni og hækkun áhættugrunns lækkar því eiginfjárhlutfallið.

Mynd 29: Eiginfjárhlutfall viðskiptabankanna 2012 og 2013



Eignahlið efnahagsreiknings

Á mynd 30 má sjá eignir viðskiptabankanna flokkaðar í útlán sem er fyrsti eignaflokkurinn og endurspeglar best hefðbundinn viðskiptabankarekstur eða reglulegan rekstur. Útlán námu 78,6% af eignasafni Arion banka, 69,1% af eignasafni Íslandsbanka og 65,0% af útlánasafni Landsbankans í árslok 2013. Að meðaltali eru útlán 70,5% af efnahagsreikningi viðskiptabankanna.

Í öðrum eignaflokknum eru svo verðbréf en samanlagt endurspegla eignaflokkur eitt og tvö kjarnarekstur. Hlutfallslega hæst hlutfall verðbréfa af heildareignum er hjá Landsbankanum 28,4%. Hluti eigna Landsbankans samanstendur af ríkisskuldabréfum í flokknum RIKH18 sem bankinn fékk afhent frá ríkissjóði sem eiginfjárframlag. Hlutfall verðbréfa er svipað hjá Íslandsbanka og Arion banka.

Mynd 30: Eignir viðskiptabankanna 31.12.2013



Arion banki

Hagnaður Arion banka nam 12,7 ma.kr. árið 2013 og er það nokkur samdráttur frá árinu áður er hagnaður bankans nam 17,1 ma.kr., en 2012 var óvenju gott ár og besta rekstrarár bankans frá stofnun 2008. Afkoma reglulegs rekstrar Arion banka, sem tekur ekki tillit til einskiptisliða líkt og virðisbreytinga útlána og áhrif gjaldeyrissveiflna á rekstur, dalaði milli rekstraráranna 2012 og 2013. Hagnaður af reglulegum rekstri nam 7,7 ma.kr. eftir skatt árið 2013, en nam 10,6 ma.kr. árið 2012 og 9,6 ma.kr. árið 2011. Lakari afkoma af reglulegum rekstri eða grunnrekstri útskýrist fyrst og fremst af samdrætti í vaxtatekjum sem drógust saman um 3,3 ma.kr. milli ára og lækkaði vaxtamunur bankans sem hlutall af meðalstöðu eigna úr 3,0% í 2,6%. Þjónustutekjur bankans jukust lítillega en þó ekki nægilega til að koma á móts við samdrátt í vaxtatekjum en þjónustutekjur hækkuðu um 0,5 ma.kr. eða úr 10,7 ma.kr. í 11,2 ma.kr. Reglulegur kostnaður bankans jókst um 0,7 ma.kr. á rekstrarárinu 2013. Aukning var þó aðeins 0,2 ma.kr. ef 0,5 ma.kr. sekt Samkeppniseftirlitsins á Valitor er dregin frá.

Tafla 22: Reglulegur rekstur Arion banka (fjárhæðir í m.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Hreinar vaxtatekjur	23.800	27.142	23.388	19.785	12.188
Hreinar þjónustutekjur	11.223	10.748	10.685	6.866	5.862
Samtals reglulegar tekjur	**35.023**	**37.890**	**34.073**	**26.651**	**18.050**
Laun og launatengd gjöld	(13.537)	(12.459)	(11.254)	(9.272)	(8.073)
Annar stjórnunarkostnaður	(9.839)	(9.874)	(8.606)	(7.877)	(5.831)
Gjöld í TIF	(791)	(899)	(1.200)	(324)	(683)
Afskriftir rekstrarfjármuna	(1.228)	(1.436)	(956)	(819)	(759)
Samtals reglulegur kostnaður	**(25.395)**	**(24.668)**	**(22.016)**	**(18.292)**	**(15.346)**
Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar	*72,5%*	*65,1%*	*64,6%*	*68,6%*	*85,0%*
Hagnaður (tap) fyrir skatt	9.628	13.222	12.057	8.359	2.704
Hagnaður (tap) eftir skatt	**7.702**	**10.578**	**9.646**	**6.854**	**2.298**
Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatt	*7,2%*	*11,1%*	*11,1%*	*8,5%*	*3,2%*
Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatt	*5,8%*	*8,9%*	*8,9%*	*7,0%*	*2,8%*

Einkennandi fyrir rekstur Arion banka er hátt hlutfall þjónustutekna og annarra tekna, en afkoma Valitor er hluti af samstæðureikningsskilum. Hreinar þjónustutekjur bankans af greiðslukortum námu 5,3 ma.kr. árið 2013. Bankinn hefur einnig umtalsverðar tekjur af fasteignum. Leigutekjur af fasteignum námu 2,3 ma.kr árið 2013 og gengis- og söluhagnaður af fasteignum nam 1,6 ma.kr. Einnig hafði bankinn tekjur af iðgjöldum upp á 1,1 ma.kr. árið 2013, en bankinn á líftryggingarfélagið Okkar líftryggingar.

Sögulega hefur Arion banki haft fremur lágar fjármunatekjur í samanburði við hina viðskiptabankanna en hlutfallslega hefur bankinn ráðstafað lægstu hlutfalli efnahagsreiknings síns í verðbréf eða 8,6% árið 2013. Fjármunatekjur Arion banka námu 3,4 ma.kr. árið 2013 og hafa aldrei verið hærri. Afkoma af kjarnarekstri, grunnrekstri sem tekur einnig tillit til tekna af verðbréfum, var því góð eða 10,5 ma.kr. Árið 2012 var afkoma af kjarnarekstri 11,0 ma.kr. og árið 2011 10,1 ma.kr.

Tafla 23: Kjarnarekstur Arion banka (fjárhæðir í m.kr.*)*

	2013	2012	2011	2010	2009
Hagnaður af reglulegum rekstri	9.628	13.222	12.057	8.359	2.704
Fjármunatekjur	3.441	583	511	402	1.638
Hagnaður (tap) kjarnarekstrar fyrir skatt	**13.069**	**13.805**	**12.568**	**8.761**	**4.342**
Hagnaður (tap) kjarnarekstrar eftir skatt	**10.455**	**11.044**	**10.054**	**7.184**	**3.691**
Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt	*9,8%*	*11,6%*	*11,6%*	*8,9%*	*5,2%*
Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt	*7,8%*	*9,3%*	*9,3%*	*7,3%*	*4,4%*
Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar	*66,0%*	*64,1%*	*63,7%*	*67,6%*	*77,9%*

Tafla 24: Efnahagsreikningur Arion banka (m.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009	2008
Sjóður og innstæður í SÍ	37.999	29.746	29.200	30.628	41.906	87.555
Útlán til lánastofnana	102.307	101.011	69.103	67.846	38.470	47.697
Útlán til viðskiptavina	635.774	566.610	561.550	451.219	357.734	337.014
Skuldabréf	62.171	117.730	140.568	120.112	173.482	10.761
Hlutabréf	17.449	16.844	14.045	10.316	7.078	6.069
Hlutdeildarfélög	17.929	7.050	2.987	2.713	5.985	2.843
Aðrar eignir	65.221	61.684	74.668	129.781	132.689	149.264
Samtals eignir	**938.850**	**900.675**	**892.121**	**812.615**	**757.344**	**641.203**
Innlán fjármálafyrirtækja og S.Í.	28.000	32.990	16.160	95.646	113.647	122.733
Innlán viðskiptavina	471.866	448.683	489.995	457.881	495.465	421.341
Lántaka	204.568	195.085	187.203	65.278	11.042	-
þ.a. sértryggð og eignavarin lántaka	186.495	185.047	180.379	58.122	-	-
Víkjandi lán	31.918	34.220	32.105	26.257	-	-
Aðrar skuldir	57.551	58.819	52.100	58.017	47.156	20.183
Samtals skuldir	**793.903**	**769.797**	**777.563**	**703.079**	**667.310**	**564.257**
Eigið fé hluthafa	140.089	127.072	110.448	105.917	89.879	76.946
Eigið fé minnihluta	4.858	3.806	4.110	3.619	155	-
Samtals eigið fé	**144.947**	**130.878**	**114.558**	**109.536**	**90.034**	**76.946**
Samtals skuldir og eigið fé	**938.850**	**900.675**	**892.121**	**812.615**	**757.344**	**641.203**

Íslandsbanki

Hagnaður Íslandsbanka nam 23,1 ma.kr. árið 2013 og dróst hagnaður bankans óverulega saman frá fyrra ári er hagnaðurinn nam 23,4 ma.kr. Samdráttur í afkomu grunnrekstrar eða reglulegs rekstrar var þó mun meiri en af bókhaldslegum rekstri. Hagnaður af reglulegum rekstri nam 9,8 ma.kr. árið 2013 en nam 12,0 ma.kr. árið 2012 og 13,1 ma.kr. árið 2011. Samdráttur var í vaxtatekjum sem nam 2,8 ma.kr. milli áranna 2012 og 2013. Framangreindur samdráttur var viðbúinn en vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna nam 3,4% árið 2013 og hafði lækkað samfellt frá árinu 2010 er munurinn var um 5,0%. Sá afsláttur sem Íslandsbanki fékk á útlánasafni sínu við kaup frá Glitni virðist koma fram í vaxtatekjum, frekar en í virðisbreytingu. Hreinar þjónustutekjur Íslandsbanka jukust um 1,0 ma.kr. milli áranna 2013 og 2012 en svo gerði kostnaður einnig. Þannig jafnaði aukning í þjónustutekjum út kostnaðaraukningu.

Tafla 25: Reglulegur rekstur Íslandsbanka (fjárhæðir í m.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Hreinar vaxtatekjur	28.430	31.235	31.225	34.874	31.984
Hreinar þjónustutekjur	10.433	9.459	5.966	7.380	7.061
Samtals reglulegar tekjur	**38.863**	**40.694**	**37.191**	**42.254**	**39.045**
Laun og launatengd gjöld	(13.361)	(13.080)	(10.531)	(9.207)	(8.036)
Annar stjórnunarkostnaður	(12.190)	(11.509)	(9.339)	(8.659)	(7.499)
Gjöld í TIF	(1.016)	(1.055)	(965)	(607)	(578)
Samtals reglulegur kostnaður	**(26.567)**	**(25.644)**	**(20.835)**	**(18.473)**	**(16.113)**
Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar	*68,4%*	*63,0%*	*56,0%*	*43,7%*	*41,3%*
Hagnaður (tap) fyrir skatt	12.296	15.050	16.356	23.781	22.932
Hagnaður (tap) eftir skatt	**9.837**	**12.040**	**13.085**	**19.500**	**19.492**
Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatt	*7,9%*	*11,2%*	*13,4%*	*22,4%*	*28,9%*
Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatt	*6,3%*	*8,9%*	*10,7%*	*18,4%*	*24,6%*

Fjármunatekjur Íslandsbanka námu 4,6 ma.kr. árið 2013 og hafa aldrei verið hærri. Afkoma af kjarnarekstri var því með ágætum þrátt fyrir umtalsverðan samdrátt í vaxtatekjum. Hagnaður af kjarnarekstri nam 13,5 ma.kr árið 2013 en nam 14,2 ma.kr. árið 2012. Líkt og hjá Arion banka er tiltölulega litlu hlutfalli efnahagsreikningsins ráðstafað í verðbréf eða 10,2%.

Tafla 26: Kjarnarekstur Íslandsbanka (fjárhæðir í m.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Hagnaður af reglulegum rekstri	12.296	15.050	16.356	23.781	22.932
Fjármunatekjur	4.612	2.655	2.649	(910)	285
Hagnaður (tap) kjarnarekstrar fyrir skatt	**16.908**	**17.705**	**19.005**	**22.871**	**23.217**
Hagnaður (tap) kjarnarekstrar eftir skatt	**13.526**	**14.164**	**15.204**	**18.754**	**19.734**
Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt	*10,8%*	*13,2%*	*15,6%*	*21,6%*	*29,3%*
Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt	*8,7%*	*10,5%*	*12,5%*	*17,7%*	*24,9%*

Tafla 27: Efnahagsreikningur Íslandsbanka (m.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009	2008
Sjóður og innstæður í SÍ	111.779	85.500	57.992	30.799	38.743	20.842
Útlán til lánastofnana	44.078	54.043	43.655	30.870	87.416	28.320
Útlán til viðskiptavina	554.741	557.857	564.394	515.161	489.611	484.933
Skuldabréf	75.186	64.035	58.662	68.024	66.701	34.067
Hlutabréf	9.208	10.445	11.107	3.022	2.250	2.535
Hlutdeildarfélög	1.563	503	1.070	354	827	651
Aðrar eignir	69.454	50.992	59.035	34.992	31.794	86.655
Samtals eignir	**866.009**	**823.375**	**795.915**	**683.222**	**717.342**	**658.003**
Innlán fjármálafyrirtækja og S.Í.	29.689	38.272	62.772	96.238	139.092	103.400
Innlán viðskiptavina	489.331	471.156	462.943	327.158	339.659	336.695
Lántaka	89.193	66.571	63.221	55.425	69.190	67.315
þ.a. sértryggð og eignavarin lántaka	70.058	65.048	59.597	52.717	56.828	62.504
Víkjandi lán	21.890	23.450	21.937	21.241	24.843	-
Aðrar skuldir	68.588	76.266	61.049	61.697	52.455	82.563
Samtals skuldir	**698.691**	**675.715**	**671.922**	**561.759**	**625.239**	**589.973**
Eigið fé hluthafa	166.019	146.405	122.794	120.672	91.263	67.360
Eigið fé minnihluta	1.299	1.255	909	791	840	670
Samtals eigið fé	**167.318**	**147.660**	**123.703**	**121.463**	**92.103**	**68.030**
Samtals skuldir og eigið fé	**866.009**	**823.375**	**795.625**	**683.222**	**717.342**	**658.003**

Landsbankinn

Ólíkt Arion banka og Íslandsbanka jókst hagnaður Landsbankans á milli ára og nam hagnaður ársins 2013 28,8 ma.kr. samanborið við hagnað upp á 25,5 ma.kr. árið 2012. Að sama skapi styrktist einnig grunnrekstur eða reglulegur rekstur bankans. Hagnaður bankans af reglulegum rekstri nam 13,7 ma.kr. árið 2013 samanborið við hagnað upp á tæpa 13,0 ma.kr. árið 2012 og 12,2 ma.kr. árið 2011 og hefur reglulegi reksturinn aldrei verið sterkari. Líkt og hjá hinum tveimur viðskiptabönkunum drógust vaxtatekjur saman en hreinar vaxtatekjur námu 34,3 ma.kr. árið 2013 samanborið við 35,6 ma.kr. árið 2012. Vaxtamunur drósst jafnframt saman en vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu eigna nam 3,1% árið 2013 en var 3,2% árið 2012. Á móti 1,3 ma.kr. samdrætti í vaxtatekjum kom aukning í þjónustutekjum upp á 0,8 ma.kr. Stóran þátt í bættri afkomu reglulegs rekstrar má rekja til kostnaðaraðhalds en samdráttur í kostnaði nam 1,3 ma.kr. milli ára eða jafn hárri fjárhæð og vaxtatekjur drógust saman um. Þannig vóg kostnaðaraðhald að fullu á móti samdrætti í vaxtatekjum. Hafa verður þó í huga að mun minni samdráttur var í vaxtatekjum Landsbankans en hinna tveggja viðskiptabankanna.

Tafla 28: Reglulegur rekstur Landsbankans (fjárhæðir í m.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Hreinar vaxtatekjur	34.314	35.584	32.649	24.685	14.574
Hreinar þjónustutekjur	5.291	4.448	4.423	3.582	4.213
Samtals reglulegar tekjur	**39.605**	**40.032**	**37.072**	**28.267**	**18.787**
Laun og launatengd gjöld	(12.613)	(13.176)	(11.990)	(9.331)	(8.468)
Annar stjórnunarkostnaður	(8.005)	(8.878)	(8.467)	(6.632)	(5.384)
Gjöld í TIF	(1.079)	(1.042)	(583)	(680)	(680)
Afskriftir rekstrarfjármuna	(818)	(719)	(771)	(1.311)	(1.278)
Samtals reglulegur kostnaður	**(22.515)**	**(23.815)**	**(21.811)**	**(17.954)**	**(15.810)**
Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar	*56,8%*	*59,5%*	*58,8%*	*63,5%*	*84,2%*
Hagnaður (tap) fyrir skatt	17.090	16.217	15.261	10.313	2.977
Hagnaður (tap) eftir skatt	**13.672**	**12.974**	**12.209**	**8.457**	**2.530**
Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatt	*7,3%*	*7,6%*	*8,0%*	*6,1%*	*2,0%*
Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatt	*5,9%*	*6,1%*	*6,4%*	*5,0%*	*1,7%*

Hlutfallslega hefur vægi fjármunatekna verið mikið hjá Landsbankanum en 28,4% af efnahagsreikningi bankans eru verðbréf eða um þrisvar sinnum meira en hjá hinum viðskiptabönkunum. Fjármunatekjur Landsbankans námu 10,6 ma.kr. árið 2013 samanborið við 7,9 ma.kr. árið 2012. Vegna mikils vægi fjármunatekna í afkomu Landsbankans hefur afkoma kjarnarekstrar alltaf verið mun betri en afkoma

reglulegs rekstrar hjá Landsbankanum og var arðsemi kjarnarekstar 9,5% samanborið við 5,9% arðsemi reglulegs rekstrar árið 2013.

Tafla 29: Kjarnarekstur Landsbankans (fjárhæðir í m.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Hagnaður af reglulegum rekstri	17.090	16.217	15.261	10.313	2.977
Fjármunatekjur	10.552	7.872	18.468	8.895	7.082
Hagnaður (tap) kjarnarekstrar fyrir skatt	**27.642**	**24.089**	**33.729**	**19.208**	**10.059**
Hagnaður (tap) kjarnarekstrar eftir skatt	**22.114**	**19.271**	**26.983**	**15.751**	**8.550**
Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt	*11,9%*	*11,3%*	*17,6%*	*11,4%*	*6,7%*
Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt	*9,5%*	*9,1%*	*14,1%*	*9,3%*	*5,7%*

Tafla 30: Efnahagsreikningur Landsbankans (m.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009	2008
Sjóður og innstæður í SÍ	21.520	25.898	8.823	47.777	26.174	30.071
Útlán til lánastofnana	67.916	64.349	100.133	91.882	83.129	8.845
Útlán til viðskiptavina	680.468	666.087	639.140	592.954	667.122	705.182
Skuldabréf	290.595	228.208	221.848	161.559	165.721	39.896
Hlutabréf	36.257	36.881	46.037	29.429	23.411	39.681
Hlutdeildarfélög	14.224	15.528	11.678	3.340	6.030	6.864
Aðrar eignir	40.536	47.836	107.823	154.192	89.514	206.852
Samtals eignir	**1.151.516**	**1.084.787**	**1.135.482**	**1.081.133**	**1.061.101**	**1.037.391**
Innlán fjármálafyrirtækja og S.Í.	167.218	98.718	112.876	147.478	98.228	132.219
Innlán viðskiptavina	456.662	421.058	443.590	371.558	452.655	431.006
Lántaka	239.642	309.265	337.902	287.823	316.734	305.057
þ.a. sértryggð og eignavarin lántaka	239.642	309.265	337.902	287.823	316.734	305.057
Víkjandi lán	-	-	-	-	-	-
Aðrar skuldir	46.635	30.580	40.870	89.408	35.892	25.824
Samtals skuldir	**910.157**	**859.621**	**935.238**	**896.267**	**903.509**	**894.106**
Eigið fé hluthafa	241.366	225.071	199.631	182.658	155.430	142.953
Eigið fé minnihluta	(7)	95	613	2.208	2.162	332
Samtals eigið fé	**241.359**	**225.166**	**200.244**	**184.866**	**157.592**	**143.285**
Samtals skuldir og eigið fé	**1.151.516**	**1.084.787**	**1.135.482**	**1.081.133**	**1.061.101**	**1.037.391**

Rekstur sparisjóðanna á árinu 2013

Inngangur

Bankasýsla ríkisins hefur talað fyrir sameiningum sparisjóða og minni fjármálafyrirtækja undanfarin ár og er enn þeirrar skoðunar að slíkt sé þeim lífsnauðsynlegt til lengri tíma litið. Rekstrarumhverfi sparisjóða hefur verið þeim erfitt og sér í lagi hafa auknar álögur undanfarin ár verið íþyngjandi. Þó ber að geta þess að breytingar urðu á opinberum álögum fjármálafyrirtækja á liðnu ári og voru sett stærðarmörk vegna innheimtu svokallaðs bankaskatts undir lok árs. Fjármálafyrirtæki með efnahag undir 50 ma.kr. eru frá og með rekstrarárinu 2014 undanskilin þessum skatti. Allir starfandi sparisjóðir, átta að tölu, eru með efnahag undir þessum mörkum og greiða þar af leiðandi ekki skattinn. Einnig urðu breytingar á fjársýsluskatti og lækkaði hann úr 6,75% í 5,50%.

Af sparisjóðum sem Bankasýslan fer með eignarhlut í hefur orðið verulegur viðsnúningur í rekstri hjá Sparisjóði Norðfjarðar í kjölfar hagræðingaaðgerða sem ráðist var í á árinu 2012 og birtast að fullu í uppgjöri ársins 2013. Aðrir sparisjóðir sem ríkið fer með eignarhlut í eiga lengra í land og þurfa nauðsynlega að ná betri tökum á sínum rekstri. Til þess þarf bæði að horfa til innri hagræðingar og sameininga við aðra sjóði. Stjórnir SpÞór og SpSvar riðu á vaðið og SpNl varð til þann 4. júlí 2013 við samruna sjóðanna tveggja. Við samrunann varð til sjóður með efnahag að fjárhæð 6,1 ma.kr. og með eigið fé að fjárhæð 558,9 m.kr. Ný stjórn SpNl mat það svo að þetta væri einungis fyrsta skref í sameiningum sjóða frá hruni og fleiri myndu fylgja í kjölfarið. Á vormánuðum 2014 ákváðu svo stjórnir SpNl og SpBol að leggja fyrir aðalfundi sjóðanna í júní 2014 tillögu að sameiningu sjóðanna. Gangi sameiningin eftir verður til sjóður með 10,9 ma.kr. efnahag og 1.073,9 m.kr. eigið fé.

FME hefur á síðustu árum gert auknar kröfur um eiginfjárstyrk fjármálafyrirtækja og reisir nú kröfu sína á svonefndu SREP ferli annarrar stoðar Basel II reglnanna í stað þess að horfa einungis til lögbundins lágmarks um 8,0% eiginfjárhlutfall. Þrír sparisjóðir sem Bankasýslan fer með eignarhlut í birta þessa kröfu í ársreikningum sínum. Á aðalfundi Sambands íslenskra sparisjóða þann 21. mars sl. kom fram í máli forstjóra FME að reikna mætti með því að við innleiðingu á Basel III reglunum[28] myndi FME auka kröfur sínar til fjármálafyrirtækja. Eiginfjárkrafan sem gerð er til fyrirtækjanna á grunni Basel II reglnanna muni líklegast lækka en nýir þættir sem koma inn með Basel III muni síðan bætast við og hækka þá eiginfjárkröfu sem gerð er til fyrirtækjanna.

Í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar sparisjóða, sem ríkið fer með eignarhluti í, bar sparisjóðum að skila endurskipulagningaráætlunum til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA). Fjórir sparisjóðir skiluðu slíkum skýrslum í janúar 2012 og fimmti sjóðurinn í nóvember sama ár. Skýrslurnar voru síðan uppfærðar um

[28] http://www.althingi.is/altext/143/s/pdf/0883.pdf

sumarið 2013 og samþykkti ESA slíkar áætlanir fyrir annars vegar SpVest og hins vegar SpNor í framhaldinu. Í kjölfar samruna SpÞór og SpSvar þurfti að skila inn endurskipulagningaráætlun fyrir sameinaðan sjóð og var ákveðið að miða við ársuppgjör 2013 í því sambandi. Í ljósi fyrirætlana stjórna SpBol og SpNl um samruna, gangi þær eftir, þarf að skila inn áætlun fyrir sameinaðan sjóð að loknum aðalfundum sjóðanna vegna rekstrarársins 2013 í lok júní.

Eigi sparisjóðir, einn eða fleiri, að vera valkostur á fjármálamarkaði með sína hugmyndafræði og einföldu starfsemi er mikilvægt að ekki kvarnist frekar úr hópnum, en markaðshlutdeild sparisjóða liggur nú í kringum 2,0%. Heildareignir sparisjóðanna í lok árs 2012 voru 56,5 ma.kr. Samkeppniseftirlitið hefur í útgefnum ritum og ákvörðunum á síðustu árum bent á mikilvægi þess að viðhalda og verja samkeppni á fjármálamarkaði. Hvort sparisjóðir geti gegnt þessu hlutverki í framtíðinni ræðst alfarið af því að þeir séu rekstrarhæfir og að mati Bankasýslunnar er það ekki raunhæft nema með verulegri innri hagræðingu og sameiningu sjóða.

Sparisjóður Bolungarvíkur ses

Bókhaldsleg afkoma Sparisjóðs Bolungarvíkur var neikvæð um 9,1 m.kr. á árinu 2013 en afkoma síðasta árs var neikvæð um 19,8 m.kr. Heildareignir sjóðsins í árslok námu 4,8 ma.kr. en voru 5,1 ma.kr. árið áður og lækka því á milli ára. Bókfært eigið fé sjóðsins nam 515,1 m.kr. en sjóðurinn réðst í stofnfjáraukningu á árinu til að uppfylla eiginfjárkröfu þá sem FME gerir til sjóðsins. Eiginfjárhlutfall sjóðsins reiknað skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 17,6%. Eiginfjárkrafa FME til sjóðsins var á sama tíma 17,4%.

Afkoma reglulegs rekstrar eftir skatt var jákvæð um 24,7 m.kr. og stóð því sem næst í stað í krónum talið á milli ára. Arðsemi reglulegs rekstrar nam 5,2% á móti 5,6% frá fyrra ári. Sparisjóðurinn hefur ráðist í hagræðingaraðgerðir sem ættu að skila sér inn í rekstrarárið 2014 að hluta auk þess sem rúm lausafjárstaða hefur gert sjóðnum kleift að greiða upp óhagstæð lán sem skilar sér í auknum vaxtamun inn í afkomu sjóðsins.

Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 513,7 m.kr. Stofnfjáreigendur sjóðsins voru 263 í lok ársins. Íslenska ríkið á 394,4 m.kr. af stofnfé sjóðsins sem jafngildir 76,8% stofnfjár og skipar fjóra menn í stjórn og einn til vara.

Sparisjóðurinn í Bolungarvík starfrækir í dag tvær starfsstöðvar, í Bolungarvík og á Suðureyri. Meðalfjöldi starfsmanna á árinu var 11,0 og stöðugildi í árslok 10,0. Sparisjóðurinn hefur átt í samstarfi við Íslandspóst og hefur það auðveldað sjóðnum að halda úti starfsemi á Suðureyri. Þessu samstarfi er nú að ljúka og því má reikna með því að breytingar verði á starfsemi sjóðsins á Suðureyri.

Stjórnir Sparisjóðs Bolungarvíkur og Sparisjóðs Norðurlands hafa ákveðið að leggja fyrir aðalfundi sjóðanna sem fram fara í lok júní tillögu um samruna sjóðanna. Gangi sá samruni eftir mun verða til sjóður með 10,9 ma.kr. efnahag, sjö starfsstöðvar og 26 starfsmenn.

Tafla 31: Efnahagsreikningur Sparisjóðs Bolungarvíkur (þús.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Sjóður og innstæður í SÍ	661.091	409.959	323.276	266.895	700.959
Útlán til viðskiptavina	3.788.819	3.692.117	3.502.414	3.334.892	3.746.464
Fullnustueignir	49.350	44.150	55.350	47.898	40.000
Skuldabréf	30.775	649.203	739.864	1.226.465	1.673.915
Hlutabréf	52.670	138.566	159.369	152.407	128.172
Hlutdeildarfélög	26.752	26.752	26.752	21.518	23.934
Aðrar eignir	177.237	139.245	112.494	116.860	532.293
Eignir samtals	**4.786.694**	**5.099.992**	**4.919.519**	**5.166.935**	**6.845.737**
Innlán viðskiptavina	3.361.953	3.432.268	3.229.701	3.344.902	3.757.904
Lántaka	420.418	726.233	742.584	784.875	4.397.755
Víkjandi lán	259.562	277.368	265.363	263.744	368.295
Aðrar skuldir	229.700	219.931	228.324	235.420	351.000
Skuldir samtals	**4.271.633**	**4.655.800**	**4.465.972**	**4.628.941**	**8.874.953**
Stofnfé	513.665	668.188	668.186	668.186	791.438
Endurmatsreikningur	10.290	10.500	-	-	-
Varasjóður	(8.894)	(234.496)	(214.639)	(130.192)	(2.820.655)
Eigið fé samtals	**515.061**	**444.192**	**453.547**	**537.994**	**(2.029.217)**
Eigið fé og skuldir samtals	**4.786.694**	**5.099.992**	**4.919.519**	**5.166.935**	**6.845.737**

Tafla 32: Reglulegur rekstur Sparisjóðs Bolungarvíkur (fjárhæðir í þús.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Hreinar vaxtatekjur	204.496	186.192	185.008	223.869	201.265
Hreinar þjónustutekjur	19.715	19.196	22.065	21.381	25.005
Aðrar rekstrartekjur	21.360	29.644	32.688	24.052	22.014
Samtals reglulegar tekjur	**245.571**	**235.032**	**239.761**	**269.302**	**248.284**
Laun og launatengd gjöld	105.512	91.845	90.917	93.137	90.158
Annar rekstrarkostnaður	106.312	108.814	112.572	111.683	108.394
Afskriftir rekstrarfjármuna	2.849	3.106	4.209	5.031	4.612
Samtals reglulegur kostnaður	**214.673**	**203.765**	**207.698**	**209.851**	**203.164**
Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar	*87,4%*	*86,7%*	*86,6%*	*77,9%*	*81,8%*
Hagnaður (tap) f. skatt	30.898	31.267	32.063	59.451	45.120
Hagnaður (tap) e. skatt	**24.718**	**25.014**	**25.650**	**48.750**	**38.352**
Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatt	*6,4%*	*7,0%*	*6,5%*	*Ómarktækt*	*Ómarktækt*
Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatt	*5,2%*	*5,6%*	*5,2%*	*Ómarktækt*	*Ómarktækt*

Tafla 33: Kjarnarekstur Sparisjóðs Bolungarvíkur (fjárhæðir í þús.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Hagnaður (tap) af reglulegum rekstri fyrir skatt	30.898	31.267	32.063	59.451	45.120
Fjármunatekjur	(26.157)	541	59.563	59.737	(308.574)
Hagnaður (tap) af kjarnarekstri fyrir skatt	**4.741**	**31.808**	**91.626**	**119.188**	**(263.454)**
Hagnaður (tap) af kjarnarekstri eftir skatt	**3.793**	**25.446**	**73.301**	**97.734**	**(223.936)**
Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt	*1,0%*	*7,1%*	*18,5%*	*Ómarktækt*	*Ómarktækt*
Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt	*0,8%*	*5,7%*	*14,8%*	*Ómarktækt*	*Ómarktækt*
Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar	*97,8%*	*86,5%*	*69,4%*	*63,8%*	*Ómarktækt*

Tafla 34: Lykiltölur Sparisjóðs Bolungarvíkur (fjárhæðir í þús.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Bókhaldsleg afkoma eftir skatt	(9.105)	(19.856)	(84.446)	1.932.393	(2.260.471)
Arðsemi bókhaldslegrar afkomu e. skatt	*(1,9%)*	*(4,4%)*	*(17,0%)*	*Ómarktækt*	*Ómarktækt*
Vaxtamunur	*4,1%*	*3,7%*	*3,7%*	*3,7%*	*2,3%*
Kostnaður/Meðalstaða heildareigna	*4,3%*	*4,1%*	*4,1%*	*3,5%*	*2,3%*
Kostnaðarhlutfall bókhaldslegrar afkomu	*103,0%*	*89,0%*	*65,6%*	*66,3%*	*Ómarktækt*
CAD eiginfjárhlutfall	*17,6%*	*15,1%*	*14,5%*	*16,2%*	*(48,7%)*
Heildareignir	4.786.693	5.099.992	4.919.519	5.166.935	6.845.736

Sparisjóður Norðfjarðar ses

Sparisjóður Norðfjarðar skilaði 51,9 m.kr. hagnaði eftir skatt á árinu 2013 en afkoman var jákvæð um 19,2 m.kr. á árinu 2012. Jafngilti þetta 8,3% arðsemi eiginfjár. Eigið fé sjóðsins nam 649,5 m.kr. í lok ársins. Eiginfjárhlutfall sjóðsins í lok árs reiknað skv. lögum um fjármálafyrirtæki nam 19,3% en eiginfjárkrafa Fjármálaeftirlitsins til sjóðsins, reist á svokölluðu SREP ferli, nam á sama tíma 16,9%. Heildareignir sjóðsins námu í árslok 5.257,4 m.kr. en voru 5.241,9 m.kr. árið áður og stóðu því nánast í stað í krónum talið. Á aðalfundi sjóðsins þann 8. apríl sl. var samþykkt að greiða út arð í formi endurmats stofnfjár en skv. lögum er heimilt að endurmeta stofnfé frá útgáfudegi í takt við verðlagsbreytingar frá útgáfudegi. Arðgreiðslan er að fjárhæð 23,7 m.kr. og jafngildir það 45,6% arðgreiðsluhlutfalli.[29] Er þetta fyrsti sparisjóðurinn sem innir af hendi arðgreiðslu til ríkisins frá því að ríkið eignaðist hlut í sparisjóðum.

Afkoma af reglulegum rekstri nam 61,3 m.kr. á árinu sem er umtalsvert betri niðurstaða en á síðasta ári en þá nam afkoma reglulegs rekstrar 19,6 m.kr. Afkoma reglulegs rekstrar eftir skatt nam 49,0 m.kr. og arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatt nam 7,9%. Hefur afkoma af reglulegum rekstri batnað jafnt og þétt á undanförnum árum eftir því sem hagræðingaraðgerðir og aukin útlán sjóðsins hafa skilað sér inn í rekstur sjóðsins.

Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 625,8 m.kr. og voru stofnfjáreigendur 86. Eignarhlutur ríkisins var í lok árs 2012 að nafnvirði 309,8 m.kr. og samsvaraði það 49,5% af stofnfé sjóðsins. Hækkar stofnfé ríkisins í sjóðnum í takt við skattalega niðurstöðu varðandi arðgreiðslu að ofan. Bankasýsla ríkisins skipar tvo aðalmenn og einn varamann í stjórn sjóðsins.

Sparisjóður Norðfjarðar starfrækir í dag eina starfsstöð í Neskaupsstað en rak áður útibú á Reyðarfirði sem var lokað sem lið í hagræðingaraðgerðum sjóðsins á árinu 2012. Á árinu störfuðu að meðaltali 7,3 starfsmenn hjá sjóðnum í 6,7 stöðugildum og stöðugildi í árslok voru 6,0.

[29] Ríkisskattstjóri skoðar hvort arðgreiðsla í formi endurmats stofnfjár sé skattskyld og greiða beri 20% fjármagnstekjuskatt af henni. Verði niðurstaðan á þá leið lækkar arðgreiðslan og verður fjárhæðin þá 18,9 m.kr. og arðgreiðsluhlutfallið 36,5%

Tafla 35: Efnahagsreikningur Sparisjóðs Norðfjarðar (þús.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Sjóður og innstæður í SÍ	1.485.644	1.219.180	907.495	20.173	23.699
Útlán til lánastofnana	361.436	412.169	369.861	1.724.642	2.139.689
Útlán til viðskiptavina	2.972.555	2.568.135	2.649.177	2.514.156	2.724.572
Fullnustueignir	85.000	101.050	110.430	125.481	159.619
Skuldabréf	77.829	656.651	897.919	535.497	137.659
Hlutabréf	46.897	38.504	17.672	19.184	64.677
Hlutdeildarfélög	-	-	16.830	13.864	14.100
Aðrar eignir	228.034	246.201	260.936	270.127	287.474
Eignir samtals	**5.257.395**	**5.241.890**	**5.230.320**	**5.223.124**	**5.551.489**
Innlán viðskiptavina	4.450.448	4.447.498	4.427.685	4.424.447	4.381.537
Lántaka	-	-	-	-	738.283
Víkjandi lán	88.525	124.428	130.523	124.310	196.176
Aðrar skuldir	68.950	72.377	93.740	83.816	112.845
Skuldir samtals	**4.607.923**	**4.644.303**	**4.651.948**	**4.632.573**	**5.428.841**
Stofnfé	625.799	625.799	625.799	625.799	483.726
Endurmatsreikningur	-	-	-	-	-
Varasjóður	23.673	(28.212)	(47.427)	(35.248)	(361.078)
Eigið fé samtals	**649.472**	**597.587**	**578.372**	**590.551**	**122.648**
Eigið fé og skuldir samtals	**5.257.395**	**5.241.890**	**5.230.320**	**5.223.124**	**5.551.489**

Tafla 36: Reglulegur rekstur Sparisjóðs Norðfjarðar (fjárhæðir í þús.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Hreinar vaxtatekjur	193.530	168.080	150.892	134.997	126.834
Hreinar þjónustutekjur	28.824	27.878	23.784	26.406	33.058
Aðrar rekstrartekjur	21.167	14.501	17.613	20.081	26.496
Samtals reglulegar tekjur	**243.521**	**210.459**	**192.289**	**181.484**	**186.388**
Laun og launatengd gjöld	67.443	77.250	76.811	74.894	63.606
Annar rekstrarkostnaður	111.248	110.727	112.222	104.100	90.247
Afskriftir rekstrarfjármuna	3.519	2.881	4.059	4.366	4.573
Samtals reglulegur kostnaður	**182.210**	**190.858**	**193.092**	**183.360**	**158.426**
Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar	*74,8%*	*90,7%*	*100,4%*	*101,0%*	*85,0%*
Hagnaður (tap) f. skatt	61.311	19.601	(803)	(1.876)	27.962
Hagnaður (tap) e. skatt	**49.049**	**15.681**	**(642)**	**(1.538)**	**23.768**
Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatt	*9,8%*	*3,3%*	*(0,1%)*	*Ómarktækt*	*Ómarktækt*
Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatt	*7,9%*	*2,5%*	*(0,1%)*	*Ómarktækt*	*Ómarktækt*

Tafla 37: Kjarnarekstur Sparisjóðs Norðfjarðar (fjárhæðir í þús.kr.)

Kjarnarekstur SpNor	2013	2012	2011	2010	2009
Hagnaður (tap) af reglulegum rekstri fyrir skatt	61.311	19.601	(803)	(1.876)	27.962
Fjármunatekjur	41.849	18.965	30.208	10.080	(101.718)
Hagnaður (tap) af kjarnarekstri fyrir skatt	**103.160**	**38.566**	**29.405**	**8.204**	**(73.756)**
Hagnaður (tap) af kjarnarekstri eftir skatt	**82.528**	**30.853**	**23.524**	**6.727**	**(62.693)**
Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt	*16,5%*	*6,6%*	*5,0%*	*Ómarktækt*	*Ómarktækt*
Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt	*13,2%*	*5,2%*	*4,0%*	*Ómarktækt*	*Ómarktækt*
Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar	*63,9%*	*83,2%*	*86,8%*	*95,7%*	*187,1%*

Tafla 38: Lykiltölur Sparisjóðs Norðfjarðar (fjárhæðir í þús.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Bókhaldsleg afkoma eftir skatt	51.883	19.216	(12.179)	86.726	(182.507)
Arðsemi bókhaldslegrar afkomu e. skatt	*8,3%*	*3,3%*	*(2,1%)*	*Ómarktækt*	*Ómarktækt*
Vaxtamunur	*3,7%*	*3,2%*	*2,9%*	*2,5%*	*4,6%*
Kostnaður/Meðalstaða heildareigna	*3,5%*	*3,6%*	*3,7%*	*3,4%*	*5,7%*
Kostnaðarhlutfall bókhaldslegrar afkomu	*66,8%*	*78,8%*	*84,5%*	*87,5%*	*155,0%*
CAD eiginfjárhlutfall	*19,2%*	*18,6%*	*18,2%*	*20,3%*	*4,7%*
Heildareignir	5.257.395	5.241.890	5.230.320	5.223.124	5.551.489

Sparisjóður Norðurlands ses[30]

Afkoma Sparisjóðs Norðurlands var jákvæð um 23,4 m.kr. á árinu 2013. Afkoman litast af einskiptisliðum og tekjufærslu skatteignar en Sparisjóður Norðurlands varð til við samruna Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis og Sparisjóðs Svarfdæla á síðasta ári. Heildareignir sameinaðs sjóðs voru í lok árs 6.126,5 m.kr.. Eigið fé sjóðsins var í lok árs 558,9 m.kr. og nam eiginfjárhlutfall sjóðsins í lok tímabilsins 16,1% en eins og kemur fram í ársskýrslu sjóðsins gerir Fjármálaeftirlitið 16,0% eiginfjárkröfu til sjóðsins.

Afkoma af reglulegum rekstri sjóðsins nam 3,4 m.kr. á árinu 2013 og 2,7 m.kr. eftir skatt. Arðsemi reglulegs rekstrar nam 0,6% fyrir skatt og 0,5% eftir skatt. Afkoma reglulegs rekstrar sjóðanna hafði farið versnandi þó staða þeirra hafi um margt verið ólík. Sameining sjóðanna hefur gengið ágætlega fyrir sig og nú liggur fyrir að stjórnir Sparisjóðs Norðurlands og Sparisjóðs Bolungarvíkur hafa ákveðið að leggja fyrir aðalfundi sjóðanna tillögu að sameiningu. Verður þá til sjóður með 10,9 ma.kr. efnahag, sjö starfsstöðvar og 26 starfsmenn.

Stofnfé sjóðsins í lok árs nam 495,1 m.kr. og voru stofnfjáreigendur 105. Ríkið fer með 404,2 m.kr. stofnfjár og samsvarar það 80,9% eignarhlut í sjóðnum.

[30] Sparisjóður Norðurlands varð til við samruna Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis og Sparisjóðs Svarfdæla sem ákveðinn var á aðalfundum sjóðanna þann 4. júlí á síðasta ári. Sameinaður sjóður hafði því einungis starfað í hálft ár í árslok 2013 og samanburðartölur byggja á ársreikningum sameinaðra sjóða fyrir samruna. Meðfylgjand töflur með efnahags- og rekstrarreikning SpNl sýna árin 2009-2012 samtölur reikninga SpÞór og SpSvar

Tafla 39: Efnahagsreikningur Sparisjóðs Norðurlands (þús.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Sjóður, innstæður og útlán til fjármálafyrirtækja	1.790.604	1.769.045	1.443.188	1.795.780	1.738.911
Útlán til viðskiptavina	3.768.475	3.617.426	3.644.107	3.846.534	4.210.444
Fullnustueignir	-	22.305	15.000	25.500	14.070
Skuldabréf	136.039	153.465	372.350	200.592	475.783
Hlutabréf	224.703	315.466	334.963	409.482	324.045
Hlutdeildarfélög	8.254	8.254	36.230	40.837	22.725
Aðrar eignir	198.410	89.510	110.076	137.128	296.705
Eignir samtals	**6.126.485**	**5.975.471**	**5.955.914**	**6.455.853**	**7.082.683**
Innlán viðskiptavina	5.372.140	5.273.042	5.335.384	5.745.989	5.719.544
Lántaka	-	-	-	-	1.639.720
Víkjandi lán	105.751	106.697	41.038	39.063	340.134
Aðrar skuldir	89.706	65.424	61.988	58.130	98.109
Skuldir samtals	**5.567.597**	**5.445.163**	**5.438.410**	**5.843.182**	**7.797.507**
Stofnfé	495.127	499.656	681.637	681.637	652.656
Endurmatsreikningur	9.671	-	14.980	-	-
Varasjóður	54.090	30.652	(179.113)	(68.966)	(1.367.480)
Eigið fé samtals	**558.888**	**530.308**	**517.504**	**612.671**	**(714.824)**
Eigið fé og skuldir samtals	**6.126.485**	**5.975.471**	**5.955.914**	**6.455.853**	**7.082.683**

Tafla 40: Reglulegur rekstur Sparisjóðs Norðurlands (fjárhæðir í þús.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Hreinar vaxtatekjur	259.396	260.183	283.165	246.077	147.757
Hreinar þjónustutekjur	48.053	48.132	49.241	48.689	50.120
Aðrar rekstrartekjur	23.092	24.178	32.638	28.180	27.422
Samtals reglulegar tekjur	**330.541**	**332.493**	**365.044**	**322.946**	**225.299**
Laun og launatengd gjöld	141.401	133.424	126.654	129.183	121.804
Annar rekstrarkostnaður	181.029	186.503	179.675	164.906	168.826
Afskriftir rekstrarfjármuna	4.761	4.423	4.871	6.326	7.695
Samtals reglulegur kostnaður	**327.191**	**324.350**	**311.200**	**300.415**	**298.325**
Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar	*99,0%*	*97,6%*	*85,2%*	*93,0%*	*132,4%*
Hagnaður (tap) f. skatt	3.350	8.143	53.844	22.531	(73.026)
Hagnaður (tap) e. skatt	**2.680**	**6.514**	**43.075**	**18.475**	**(62.072)**
Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatt	*0,6%*	*1,6%*	*9,5%*	*Ómarktækt*	*Ómarktækt*
Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatt	*0,5%*	*1,2%*	*7,6%*	*Ómarktækt*	*Ómarktækt*

Tafla 41: Kjarnarekstur Sparisjóðs Norðurlands (fjárhæðir í þús.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Hagnaður (tap) af reglulegum rekstri fyrir skatt	3.350	8.143	53.844	22.531	(73.026)
Fjármunatekjur	2.051	14.480	21.464	37.918	234.300
Hagnaður (tap) af kjarnarekstri fyrir skatt	**5.401**	**6.121**	**75.308**	**60.449**	**161.274**
Hagnaður (tap) af kjarnarekstri eftir skatt	**4.321**	**4.897**	**60.246**	**49.568**	**137.083**
Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt	*1,0%*	*1,2%*	*13,3%*	*11,1%*	*29,6%*
Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt	*0,8%*	*0,9%*	*10,7%*	*9,1%*	*25,2%*
Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar	*98,4%*	*93,5%*	*80,5%*	*83,2%*	*64,9%*

Tafla 42: Lykiltölur Sparisjóðs Norðurlands (fjárhæðir í þús. kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Bókhaldsleg afkoma eftir skatt	23.438	2.802	(110.147)	645.451	(643.096)
Arðsemi bókhaldslegrar afkomu eftir skatt	*4,3%*	*0,5%*	*(19,5%)*	*Ómarktækt*	*Ómarktækt*
Vaxtamunur	*4,3%*	*4,4%*	*4,6%*	*3,6%*	*1,9%*
Kostnaður/Meðalstaða heildareigna	*6,2%*	*5,4%*	*5,0%*	*4,4%*	*4,2%*
Kostnaðarhlutfall bókhaldslegrar afkomu	*113,7%*	*92,4%*	*103,9%*	*100,0%*	*Ómarktækt*
CAD eiginfjárhlutfall	*16,1%*	*16,1%*	*14,2%*	*13,1%*	*(19,7%)*
Heildareignir	6.126.485	5.975.471	5.955.914	6.455.853	7.082.683

Sparisjóður Vestmannaeyja ses

Bókhaldsleg afkoma Sparisjóðs Vestmannaeyja var neikvæð um 87,1 m.kr. á árinu 2013 en bókhaldsleg afkoma á árinu áður var jákvæð um 252,6 m.kr. Var því um verulegan viðsnúning að ræða í bókhaldslegri afkomu á milli ára. Tveir stórir liðir skýra þennan viðsnúning að langmestu leyti, annars vegar styrking krónunnar á liðnu ári en sjóðurinn var með neikvæðan gengismun að fjárhæð 66,2 m.kr. og hins vegar eftirgjöf lána en sjóðurinn tekjufærði 330,0 m.kr. á árinu 2012 af þeim sökum. Eigið fé sjóðsins nam í lok árs 1.055,3 m.kr. og eiginfjárhlutfall sjóðsins reiknað skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 16,0% í árslok. Heildareignir sjóðsins voru í lok árs 13.181,8 m.kr. en voru 12.952,0 í árslok 2012.

Ársreikningur Sparisjóðs Vestmannaeyja er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Sparisjóðurinn gerði áður reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.[31]

Afkoma af reglulegum rekstri nam 62,0 m.kr. en var 73,9 m.kr. á fyrra ári. Arðsemi reglulegs rekstrar sjóðsins var 5,6% fyrir skatt en 4,5% eftir skatt og lækkar frá fyrra ári en þá nam arðsemin 7,3% fyrir skatt en 5,8% eftir skatt. Afkoma af reglulegum rekstri sjóðsins hefur versnað á undanförnum árum og mikilvægt er að sjóðnum takist að snúa þeirri þróun við.

Útistandandi stofnfé sjóðsins nam í árslok 995,2 m.kr. og voru stofnfjáreigendur 84 í lok ársins og nam eignarhlutur ríkisins 555,0 m.kr. og samsvarar það 55,3% af stofnfé sjóðsins. Ríkið skipar þrjá menn í stjórn og einn til vara.

Sparisjóður Vestmannaeyja starfrækir fimm útibú og afgreiðslur í Vestmannaeyjum, Selfossi, Hornafirði, Djúpavogi og Breiðdalsvík. Meðalfjöldi starfsmanna var 28,9 og stöðugildi í árslok 28,5.

[31] Sparisjóður Vestmannaeyja – Ársreikningur 2013

Tafla 43: Efnahagsreikningur Sparisjóðs Vestmannaeyja (þús.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Sjóður, innstæður og útlán til fjármálafyrirtækja	3.659.688	3.858.910	5.748.291	5.233.975	6.364.474
Útlán til viðskiptavina	7.921.194	7.815.263	7.537.421	7.409.381	7.616.018
Fullnustueignir	472.925	387.918	358.327	268.738	260.399
Skuldabréf	636.549	464.336	467.218	430.121	460.451
Hlutabréf	283.078	149.265	161.078	134.139	222.663
Hlutdeildarfélög	0	54.702	54.702	37.557	42.794
Aðrar eignir	208.346	221.583	275.157	341.786	420.368
Eignir samtals	**13.181.780**	**12.951.977**	**14.602.195**	**13.855.698**	**15.387.167**
Innlán viðskiptavina	11.183.707	10.724.229	12.285.453	11.463.192	12.126.872
Lántaka	183.973	358.402	689.603	658.889	3.012.410
Víkjandi lán	421.918	378.010	373.789	360.383	385.022
Aðrar skuldir	336.896	347.546	362.149	316.409	560.902
Skuldir samtals	**12.126.493**	**11.808.187**	**13.710.994**	**12.798.873**	**16.085.206**
Stofnfé	995.160	996.589	996.589	996.589	357.000
Endurmatsreikningur					32.105
Varasjóður	60.127	147.200	(105.388)	60.236	(1.087.144)
Eigið fé samtals	**1.055.287**	**1.143.789**	**891.201**	**1.056.825**	**(698.039)**
Eigið fé og skuldir samtals	**13.181.780**	**12.951.977**	**14.602.195**	**13.855.698**	**15.387.167**

Tafla 44: Reglulegur rekstur Sparisjóðs Vestmannaeyja (fjárhæðir í þús.kr.)

	2013	2012	2011	2010	2009
Hreinar vaxtatekjur	450.014	443.051	456.837	446.737	445.806
Hreinar þjónustutekjur	82.315	80.206	86.214	90.447	97.619
Aðrar rekstrartekjur	32.381	33.854	32.278	44.524	36.643
Samtals reglulegar tekjur	**564.711**	**557.110**	**575.329**	**581.708**	**580.068**
Laun og launatengd gjöld	235.299	223.765	211.342	201.564	178.257
Annar rekstrarkostnaður	263.517	255.820	261.372	223.950	211.573
Afskriftir rekstrarfjármuna	3.882	3.670	3.675	3.933	4.460
Samtals reglulegur kostnaður	**502.698**	**483.255**	**476.389**	**429.447**	**394.290**
Kostnaðarhlutfall reglulegs rekstrar	*89,0%*	*86,7%*	*82,8%*	*73,8%*	*68,0%*
Hagnaður (tap) f. skatt	62.013	73.855	98.940	152.261	185.778
Hagnaður (tap) e. skatt	**49.611**	**59.084**	**79.152**	**124.854**	**157.911**
Arðsemi reglulegs rekstrar fyrir skatt	*5,6%*	*7,3%*	*10,2%*	*Ómarktækt*	*Ómarktækt*
Arðsemi reglulegs rekstrar eftir skatt	*4,5%*	*5,8%*	*8,1%*	*Ómarktækt*	*Ómarktækt*

Tafla 45: Kjarnarekstur Sparisjóðs Vestmannaeyja (fjárhæðir í þús.kr.)

Kjarnarekstur SpVest	2013	2012	2011	2010	2009
Hagnaður (tap) af reglulegum rekstri fyrir skatt	62.013	73.855	98.940	152.261	185.778
Fjármunatekjur	25.144	13.339	(11.559)	(76.480)	(300.111)
Hagnaður (tap) af kjarnarekstri fyrir skatt	**87.157**	**6.121**	**87.381**	**75.781**	**(114.333)**
Hagnaður (tap) af kjarnarekstri eftir skatt	**69.726**	**4.897**	**69.905**	**62.140**	**(97.183)**
Arðsemi kjarnarekstrar fyrir skatt	*7,9%*	*0,6%*	*9,0%*	*Ómarktækt*	*Ómarktækt*
Arðsemi kjarnarekstrar eftir skatt	*6,3%*	*0,5%*	*7,2%*	*Ómarktækt*	*Ómarktækt*
Kostnaðarhlutfall kjarnarekstrar	*85,2%*	*84,7%*	*84,5%*	*85,0%*	*140,8%*

Tafla 46: Lykiltölur Sparisjóðs Vestmannaeyja (fjárhæðir í þús. kr.)

Lykiltölur SpVest	2013	2012	2011	2010	2009
Bókhaldsleg afkoma eftir skatt	(87.074)	252.588	(165.622)	858.276	(1.059.355)
Arðsemi bókhaldslegrar afkomu e. skatt	*(7,9%)*	*24,8%*	*(17,0%)*	*Ómarktækt*	*ómarktækt*
Vaxtamunur	*3,4%*	*3,2%*	*3,2%*	*3,1%*	*2,8%*
Kostnaður/Meðalstaða heildareigna	*3,8%*	*3,5%*	*3,3%*	*2,9%*	*2,5%*
Kostnaðarhlutfall bókhaldslegrar afkomu	*96,0%*	*81,3%*	*70,6%*	*82,1%*	*129,7%*
CAD eiginfjárhlutfall	*16,0%*	*17,0%*	*13,9%*	*16,6%*	*(8,4%)*
Heildareignir	13.181.780	12.951.977	14.602.195	13.855.698	15.387.167